

Skólanámskrá Heiðarskóla

2021-2023



Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
SKÓLINN	3
STJÓRNUN HEIÐARSKÓLA FRÁ UPPHAFI	3
MERKI SKÓLANS	3
SKÓLASÖNGUR.....	4
SKÓLAHÚSNÆÐIÐ	5
SKÓLALÓÐ	6
SKRIFSTOFA SKÓLANS.....	6
SKÓLASTEFNA HEIÐARSKÓLA	7
UPPELDIS- OG KENNSLUFRÆÐILEG STEFNA	10
KENNSLUHÆTTIR	12
NÁMSMAT SKÓLANS OG VITNISBURÐARKERFI	13
GRUNNÞÆTTIR Í MENNTUN OG ÁHERSLUÞÆTTIR Í GRUNNSKÓLALÖGUM	14
INNRA MAT Á ÁRANGRI OG GÆÐUM	16
SJÁLFSMAT	16
SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA, UPPLÝSINGAMIÐLUN	18
HEIMANÁM	18
MENTOR.....	19
FORELDRAFÉLAGIÐ	19
SAMSTARF VIÐ AÐRAR SKÓLASTOFNANIR	20
TENGL VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ	21
MÓTTAKA NÝRRRA NEMENDA	22
ÁÆTLANIR OG STEFNUR	24
LESTRARÁÆTLUN	24
KENNSLUADFERÐIR	25
LESTRARÞJÁLFUN	26
LESTRARGLEÐI	29
SKIMANIR OG PRÓF	29
RITUN	35
UPPBÝGGINGARSTEFNAN	35
SKÓLAREGLUR	38
UMHVERFISÁÆTLUN	41
ÖRYGGI, SLYSAVARNIR, TRYGGINGAR	41
RÝMINGARÁÆTLANIR	42
RÝMINGARÁÆTLUN EF ÓGN ER INNAN SKÓLAHÚSNÆÐIS	42
RÝMINGARÁÆTLUN EF ALMANNAVARNIR GEFA ÚT VIÐVÖRUN UM HÆTTUÁSTAND	44
JAFNRÉTTISÁÆTLUN	46
STARFSFÓLK	46
NEMENDUR	47
FORVARNARSTEFNA	49
SAMSKIPTAÁÆTLUN HEIÐARSKÓLA	51
SKILGREININGAR OG VERKEFNI.....	52
SAMSKIPTAVANDI/GRUNUR UM EINELTI – TILKYNNINGAR OG ÚRVINNSLUFERLI.....	55
SKRÁNINGAR OG VARÐVEISLA GAGNA.....	56
ÁFALLAÁÆTLUN	56
ALVARLEG SLYS EÐA VEIKINDI	57
STARFSMANNASTEFNA	62

Inngangur

Hver skóli á að birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar með skólanámskrá og hins vegar með starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla en jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá Heiðarskóla koma fram þau viðhorf sem einkenna eiga starfið í skólanum.

Starfsáætlun skólans er endurskoðuð á hverju ári en þar eru m.a. birtar upplýsingar sem geta verið breytilegar á milli ára.

Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru birtar á heimasíðu skólans.

Skólinn

Þann 21. júlí 1997 var fyrsta skóflustungan tekin að Heiðarskóla. Hann var byggður sem tveggja hliðstæðna heildstæður grunnskóli, þ. e. tvær bekkjardeildir í árgangi frá 1. – 10. bekk. Hann er jafnframt fyrsti skólinn á Íslandi sem byggður er í einum áfanga með íþróttahúsi og sundlaug. Skólinn tók síðan til starfa haustið 1999 og haustið 2000 voru nemendur orðnir 463. Nemendafjöldinn hefur verið breytilegur, árið 2008 voru 490 nemendur í skólanum og haustið 2021 voru nemendur um 410.

Heiðarskóli veitir starfsmönnum sínum góða starfsaðstöðu og gott vinnuumhverfi og lögð er áhersla á að starfsmenn fái tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar.

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og þar starfar samhentur hópur áhugasamra starfsmanna með góða faglega þekkingu.

Starfsmennirnir ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að nemendum líði vel í skólanum, bæti hæfni sína og útskrifist sem góðar manneskjur.

Stjórnun Heiðarskóla frá upphafi

Ár	Skólastjóri	Aðstoðarskólastjóri
1999-2001	Árný Inga Pálsdóttir	Gunnar Þór Jónsson
2001-2003	Gunnar Þór Jónsson	Björn Víkingur Skúlason
2003—apríl 2013	Gunnar Þór Jónsson	Sóley Halla Þórhallsdóttir
Apríl 2013 - 2016	Sóley Halla Þórhallsdóttir	Haraldur Axel Einarsson
Frá apríl 2016	Haraldur Axel Einarsson	Bryndís Jóna Magnúsdóttir
Apríl 2019 - 2020	Bryndís Jóna Magnúsdóttir	María Óladóttir
2020 -	Bryndís Jóna Magnúsdóttir	Lóa Björg Gestsdóttir

Merki skólans

Árið 2001 var haldin samkeppni um merki skólans. Valin var tillaga Aðalsteins Axelssonar sem var þá nemandi í 5. bekk Heiðarskóla. Merkið er H með þremur þríhyrningum, gulum, rauðum og bláum en þeir tákna turnana þrjá í skólahúsinu.



Skólasöngur

Á tíu ára starfsafmæli skólans árið 2009 var efnt til samkeppni um skólasöng. Fjölmargar tillögur bárust og var tillaga Bryndísar Jónu Magnúsdóttur þáverandi kennara við skólann hlutskörpust. Bryndís gerði einnig lag við sönginn.

Skólinn á heiðinni

Árla morguns allt er hljótt, svo kvikna ljósin furðu fljótt,
í skólann skundum stundum þreytt en sæl og glöð þó yfirleitt.
Að lesa, skrifa, lita, læra og ótal margt sem þarf að ræða,
að beita hamri, sleif og nál, á heiðinni er ekkert mál.

Viðlag:

Í Heiðarskóla störfum við, stöndum saman hlið við hlið,
háttvís, heilbrigð, kát og klár, svo margt sem að við ... kunnum upp á hár.

Vinir vappa á göngunum og viðra sig í hléunum,
í tímum hér og tímum þar, virkir krakkar allsstaðar.
Að spretta úr spori í íþróttum, að æfa okkur í sundtökum,
að læra tvö, þrjú tungumál, á heiðinni er ekkert mál.

Viðlag:

Í Heiðarskóla störfum við, stöndum saman hlið við hlið,
háttvís, heilbrigð, kát og klár, svo margt sem að við ... kunnum upp á hár.

Að loknum skóladeginum, á bökin skellum töskunum,
spjöllum saman, hlæjum dátt og dyrnar opnast uppá gátt.
Að læra heima, leika okkur, að hafa gaman, skemmta okkur,
að njóta stundar, næra sál, á heiðinni er ekkert mál.

Viðlag:


Í Heiðarskóla störfum við, stöndum saman hlið við hlið,
háttvís, heilbrigð, kát og klár, svo margt sem að við ... kunnum upp á hár.



Skólahúsnæðið

Í stuttu máli er skólinn þannig byggður að eftir honum endilöngum er breiður og bjartur gangur, stundum kallaður „menntavegurinn“. Sunnan megin við ganginn eru verk- og tónmenntastofur, auk raungreinastofu. Norðan megin við ganginn eru þrjú kennslustofuhús á tveimur hæðum, alls 6 almennar kennslustofur í hverju húsi. Kennslustofuhúsin eru auðkennd með litum, gult (yngsta stig), rautt (miðstig) og blátt (unglingastig). Hægt er að opna á milli tveggja stofa á hverri hæð. Í miðrými skólans er samkomusalur/matsalur á neðri hæð, en skrifstofur stjórnenda, bókasafn, tölvuver og aðstaða námsráðgjafa og sálfræðings á efri hæðinni. Út frá miðrýminu í norðurátt er aðstaða til íþróttaiðkunar, sundlaug og íþróttasalur.

Grunnteikning



Skólalóð

Skólalóðin er vel skipulögð og leiksvæði yngri barna er staðsett fyrir framan skólann í suðvesturhorni lóðarinnar sem er næst heimasvæði þeirra. Þar hefur verið komið fyrir ýmsum leiktækjum og litlum sparkvelli. Þessi hluti lóðarinnar er afgirtur með timburgirðingu og trjágróðurbeltum. Leiksvæði eldri barna er staðsett á rúmgóðu svæði norðan við skólann. Vestanmegin er malbikaður völlur sem nýtist til boltaleikja. Austanmegin, næst inngangi elstu nemenda, er körfuboltavöllur með plöstuðu götuðu undirlagi ásamt fótboltavelli með gervigrasi og snjóbræðslu.

Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07.30 – 15.30

Skrifstofustjóri er Ruth Kristjánsdóttir

Símanúmer skólans er 420 4500


Netfang: heidarskoli@heidarskoli.is

www.heidarskoli.is

www.facebook.com/heidarskolireykjanesbae/




Skólastefna Heiðarskóla




Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki meðal fólks. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans er mikilvæg. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda á öllum sviðum.


Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel, séu lífsglaðir, fróðleiksfúsir og að hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín.



Markvisst er unnið að þessum áhersluatriðum og hafa m.a. eftirfarandi leiðir verið settar fram. Í bekkjarnámskránum kemur einnig fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að styrkja þessa þætti í skólastarfinu.



VIÐ VILJUM AÐ NEMENDUR OKKAR SÉU:



Markvisst er unnið að þessum áhersluatriðum og hafa m.a. eftirfarandi leiðir verið settar fram. Í bekkjarnámskránum kemur einnig fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að styrkja þessa þætti í skólastarfinu.

Við viljum að nemendur okkar séu ábyrgir	Við viljum að nemendur okkar séu gagnrýnir	Við viljum að nemendur okkar séu fróðleiksfúsir	Við viljum að nemendur okkar séu víðsýnir	Við viljum að nemendur okkar séu lífsglaðir
- gefum nemendum tækifæri til að ræða saman á bekkjarfundum og hjálpa þeim til að komast að sameiginlegum markmiðum og niðurstöðum - felum nemendum hlutverk umsjónarmanna í bekk, bjóðum upp á setu í nemendaráði - þjálfum nemendur í að beita markvissum námsaðferðum - leiðbeinum nemendum við að setja sér markmið og vinna skipulega að þeim - virkjum nemendur við að vinna með og leiðbeina yngri nemendum	- þjálfum nemendur í að veita og meta kosti og galla mismunandi möguleika og draga ályktanir út frá þeim - hvetjum nemendur til að íhuga vel og á gagnrýninn hátt áhrif fyrirmýnda í mótun eigin lífstíls - þjálfum nemendur í að greina jákvæða áhrifavalda frá neikvæðum í umhverfinu - hvetjum nemendur til að íhuga á gagnrýninn hátt langanir sínar, væntingar og sérstöðu til að öðlast aukna sjálfsþekkingu - hvetjum nemendur til að velta fyrir sér mörgum hliðum á sama máli	- örvum virkni og metnað nemenda - kennum nemendum að afla sér upplýsinga - notum fjölbreytta miðla og kennsluáðferðir til að fræðast um ákveðið efni - bendum nemendum á gildi menntunar - bjóðum nemendum nám við hæfi t.d. með hópaskiptingu	- leggjum áherslu á að allir hafi jafnan rétt á að hafa skoðanir og virði rétt annarra - kynnum nemendum fyrir mismunandi menningu og kjörum þjóða - hvetjum nemendur til þekkingaröflunar - styrkjum vináttu og jákvæð samskipti milli einstaklinga og hópa - blöndum saman árgöngum í vali á elsta stigi	- leiðbeinum nemendum við að þekkja þarfir sínar og uppfylla þær á jákvæðan máta - leggjum okkur fram um að vera fyrirmyndir með góðu viðmóti og gleði - höfum fjölbreytni í kennsluháttum og sveigjanleika í námi nemenda - styrkjum sjálfsmynd nemenda - leggjum áherslu á jákvæð samskipti, traust og virðingu

Uppeldis- og kennslufræðileg stefna

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á að starf skólans mótist af áherslum grunnskólalaganna.

Í 2. grein laga um grunnskóla segir að hlutverk hans sé, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Einnig er kveðið á um að stuðla skuli að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skulu veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Einnig er lögð áhersla á að skólinn stuðli að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Lög um grunnskóla 2008

Starfsfólk skólans lítur á skólann sem menntastofnun og að hlutverk hans sé að stuðla að almennri menntun og þroska allra nemenda. Hann er vinnustaður nemenda um tíu ára skeið á mikilvægu þroskaskeiði þeirra og því skiptir starfið sem þar er unnið miklu máli. Skólinn er ekki einungis undirbúningur fyrir lífið heldur hluti af lífinu sjálfu. Markmið Heiðarskóla er að nemendur öðlist góða færni bæði í náms- og félagslegum þáttum.

Skólinn er samfélag þar sem allir vinna saman að því að læra, þroskast og taka framförum. Þar er lögð áhersla á að nemendum líði vel við sína vinnu, séu fróðleiksfúsir, glaðir og beri virðingu hver fyrir öðrum. Markmið grunnskólans er tvíþætt, annars vegar menntun sem stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífinu.

Allir starfsmenn skólans styðja við nemendur svo þeir megi vaxa og þroskast sem ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar. Hlutverk starfsfólksins er að skapa jákvætt námsumhverfi og vera nemendum fyrirmyndir í viðhorfum til náms, vinnubrögðum og vinnusemi.

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á að koma sem best til móts við þroska og getu hvers nemanda og auka líkur á að nemendur nái að efla styrkleika sína og virkja þá krafta sem í þeim búa. Til þess að svo megi verða beita kennarar fjölbreyttum kennsluháttum með markvissu skipulagi kennslu og náms án aðgreiningar. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og nemendur eru hvattir til að gera ávallt sitt besta, sýna áhuga og frumkvæði í námi.

Kennsla er skipulögð út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, viðmiðum um lykilhæfni og áherslum skólans almennt sem og í einstökum greinum. Leitast er við að hafa kennslustundir í íslensku og stærðfræði á sama tíma í hverjum árgangi sem gefur kennurum þeirra námsgreina tækifæri til að skipta hópunum þannig að betur sé hægt að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga. Gert er ráð fyrir mikilli samvinnu kennara sem kenna sama árgangi og/eða námsgrein.

Unnið er markvisst að því að auka ábyrgð nemenda og ætlast er til að þeir takist á við verkefni sín með jákvæðu hugarfari og þrautseigju. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að þeir eru ábyrgir fyrir eigin námi. Brýnt er fyrir nemendum og þeim leiðbeint við að íhuga sitt eigið nám og námsaðferðir, einnig að vera meðvitaðir um hvernig þeir sinna sínu námi og að þær kröfur sem þeir gera til sjálfra sín ráða mestu um hvernig þeim gengur í náminu.

Í skólanum fylgir meginþorri nemenda sömu áætlun en áhersla er lögð á að bregðast við þörfum hvers og eins. Kennarinn metur hvers nemandinn þarfnast, hvort hann getur farið hraðar yfir námsefnið og tekist á við erfiðari viðfangsefni eða hvort að einfalda þurfi efnið eða jafnvel skipuleggja sérúrræði.

Leitast er við að koma til móts við þá nemendur sem á einhvern hátt þurfa á sértækri námsaðstoð að halda, ýmist tímabundið eða til lengri tíma. Eru þá skipulögð fjölbreytt úrræði. Enn fremur er lögð áhersla á að hafa námstilboð skólans þannig að þau komi til móts við áhuga og færni hvers nemanda. Í árlegri starfsáætlun skólans kemur fram hvaða námstilboð skólinn býður nemendum, bæði þeim sem þurfa meiri stuðning í námi og eins þeim sem geta tekist á við meiri áskoranir.

Starfsmenn nýta sér aðferðir stefnu eða hugmyndafræði sem kennd er við Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á kennslu sjálfsaga, sjálfsstjórn og uppbyggileg samskipti. Stefnan hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, spurt er hvernig manneskjur viljum við vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Sjá nánari umfjöllun um stefnuna á bls. 35.

Í skólanum er lögð áhersla á öflugt skólasamfélag sem byggir á góðu samstarfi skólans, heimilanna og nærsamfélagsins alls. Velferð nemenda og góð námsframvinda byggir ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og séu virkir þátttakendur í námi þeirra og starfi. Áhersla er lögð á reglulegar upplýsingar um líðan og námsframvindu frá skóla til heimilis og einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma.

Á hverju starfsári fara fram samtöl kennara, foreldra og nemenda um nám og skólagöngu þeirra á markmiðasetningardegi í upphafi skólaárs og á matsdegi um mánaðamót janúar/febrúar. Í árlegri starfsáætlun skólans kemur fram hvernig þessum fundum er háttað.

Kennsluhættir

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, s.s. einstaklingsvinnu, hópavinnu, paravinnu, þemavinnu, útikennslu, vettvangsferðir, tilraunir, umræður og samkennslu innan árganga. Fyrri reynsla og þekking nemenda er notuð sem grunnur að áframhaldandi námi og leitast við að koma til móts við hvern og einn þar sem hann er staddur með námsefni við hæfi og einstaklingsmiðaðri kennslu. Námið er tengt reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu lífi eins og frekast er unnt. Leitast er við að nemendur læri að hluta til í gegnum leik og skapandi starf sem ýtir undir betri skilning og jákvætt viðhorf til námsins. Almennu er ætlast til að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi.

Við val á kennsluháttum er stuðst við lykilhæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2013 og eftirfarandi atriði eru höfð að leiðarljósi:

- Að nemendur nái árangri.
- Að nemendum líði vel og séu áhugasamir.
- Að nemendur nái markmiðum sínum.
- Að nemendur læri að skipuleggja nám sitt og beri ábyrgð á eigin vinnu.
- Að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð.
- Að nemendur efli samstarf í gegnum hópastarf.
- Að samþætta námsgreinar þegar kostur er.
- Að koma til móts við þarfir nemenda með fjölbreytilegum verkefnum sem krefjast skapandi og gagnrýnnar hugsunar.

Allir nemendur í 8. – 10. bekk fá spjaldtölvu frá skólanum til afnota í náminu. Með þeim hafa nemendur fleiri bjargir í höndunum og er þar af leiðandi hægt að leiðbeina þeim um sjálfstæðari vinnubrögð með hjálp tölvanna. Þetta felst meðal annars í því að nemendur eiga auðveldara með að halda utan um námsgögn og skipulag námsins og geta nálgast upplýsingar á auðveldan og skjótvirkan hátt. Einnig gefst nemendum með lestrarörðugleika tækifæri til að nýta sér tæknina með ýmsu móti, m.a. með því að stækka letur, breyta um lit og nota upplestrarforrit. Auðveldara reynist að einstaklingsmiða námið.

Á hverju ári eru gerðar bekkjanámskrár þar sem fram koma kennsluhættir í hverri grein. Eru þær birtar á heimasíðu skólans. Út frá þeim eru gerðar námskrár í Mentor með þeim hæfniviðmiðum sem metin eru.

Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Mat á hæfni og framförum nemenda er mikilvægur þáttur skólastarfsins. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð tilsettum markmiðum. Námsmat veitir einnig nemendum, foreldrum og kennurum upplýsingar um námsframvindu, hæfni nemenda og vinnubrögð.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og að það nái til sem flestra námsþátta. Staða nemenda í Lykilhæfni Aðalnámskrár er metin eftir frammistöðu þeirra í verkefnum sem reyna á þessa hæfni í hverri námsgrein eftir því sem við á. Lykilhæfniþættirnir eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Í Heiðarskóla er litið á allt skólaárið sem eitt námsmatstímabil. Haldið er utan um námsmat í Mentor með skráningum í hæfnikort nemenda í allflestum námsgreinum jafnt og þétt yfir skólaárið. Í upphafi vorannar er framvinda metin í Mentor eða með samtali á matsdegi. Þá fer fram samtal milli kennara, nemenda og foreldra um framvinduna og lykilhæfni auk þess sem markmið sem sett eru í upphafi skólaárs eru metin og endurskoðuð. Í lok skólaársins fá nemendur í 1. - 9. bekk viðurkenningarskjal með umsögn umsjónarkennara en niðurstöður lokamats í námsgreinum eru birtar í hæfnikortum á Mentor. Metanleg hæfniviðmið Aðalnámskrár og skólaviðmið eru til grundvallar mats á hæfni nemenda í 1. – 9. bekk. Hæfni nemenda í 10. bekk er metin út frá metanlegum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og niðurstöðurnar dregnar saman í bókstafi í grunnnámsgreinum. Hæfni nemenda í valgreinum er metin út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og skólaviðmiðum sem sjá má í hæfnikortum í Mentor en á útskriftarskírteini er lokamat sett fram sem lokið/ólokið.

Kennarar leiðbeina nemendum um raunhæft sjálfsmat og gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig þeim miðar í átt að þeim. Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennara. Leiðsagnarmat fer fram í kennslustundum og byggir fyrst og fremst á endurgjöf og leiðsögn á meðan nemandi vinnur verkefni sín hverju sinni. Einnig með leiðbeinandi endurgjöf fyrir skilaverkefni sem eiga að þjálfa nemendur fyrir lokamat í ákveðnum námsþætti eða námsgrein.

Bekkjanámskrár eru birtar á heimasíðu skólans og í þeim kemur fram hvernig námsmati er háttað í hverjum námsþætti.

Grunnþættir í menntun og áherslupættir í grunnskólalögum

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á sex grunnþáttum menntunar en þeir eru, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir byggja á því viðhorfi að unnið sé að markmiðum sem varða hvern og einn en þeir eru jafnframt samfélagsmiðaðir. Þeir snúast um að börn og unglingar læri að byggja sig upp bæði andlega og líkamlega auk þess að vinna með öðrum. Með þeim er lögð áhersla á skólabrag og starfshætti sem styrkir nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í síbreytilegu þjóðfélagi. Þeim er ætlað að stuðla að því að samfélagið fái vel menntaða og heilbrigða einstaklinga til þátttöku og starfa í samfélaginu. Grunnþættirnir endurspeglast í starfsháttum og skólabrag.

Læsi

Læsi í víðtækum skilningi á að vera stór þáttur í öllu námi nemenda. Allir kennarar skólans vinna markvisst að því að efla læsi og veita þjálfun í tjáningu. Áhersla er lögð á að nemendur nái góðri lestrarfærni sem allra fyrst á skólagöngunni. Unnið er eftir lestraráætlun skólans en þar er gert ráð fyrir lestrarnámi allan grunnskólann. Lestaráætlun er birt á bls. 24.

Sjálfbærni

Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á mikilvægi sjálfbærni, bæði með fræðslu en ekki síður með virkri þátttöku í verkefnum sem auka skilning og móta jákvæð viðhorf til umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem hver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari meðvitaður um viðhorf sitt gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa. Umhverfismennt er hluti af samfélags- og náttúrufræðikennslu í Heiðarskóla en nemendur flokka einnig rusl og taka þátt í hreinsun skólalóðar að vori. Í list- og verkgreinum er jafnframt hefð fyrir endurnýtingu efnis. Í útinámi í yngstu bekkjum er áhersla lögð á virðingu fyrir nánasta umhverfinu.

Heilbrigði og velferð

Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Nemendum er leiðbeint með að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Í skólanum er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Lögð er áhersla á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, andlega vellíðan, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra. Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi í virkri þátttöku í samfélaginu. Heilbrigði er eitt af einkunnarorðum skólans og mikil áhersla er því lögð á heilbrigði og hollar lífsvenjur. Árlega eru haldnir ýmsir íþróttaviðburðir í viðbót við lögbundna kennslu í skólaíþróttum. Má þar nefna skólahlaup, viðfangsefni tengd heilbrigðisdagi Heiðarskóla og hreystikeppni á unglingastigi. Skólinn tekur jafnframt þátt í ýmsum íþróttakeppnum s.s. Skólahreysti, boðsundskeppni grunnskólanna og Sundsambands Íslands og minni íþróttamótum sem fram fara innanbæjar.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðismenntun snýst um að virkja nemendur. Að einstaklingurinn finni að hann er við stjórnvölinn í eigin lífi, hann geti haft skoðanir og að á hann sé hlustað. Í Heiðarskóla fá nemendur tækifæri til að æfa sig í lýðræðislegum vinnubrögðum. Kennarar leggja áherslu á samræður í kennslu sem einkennast af umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nemendur fá tækifæri til að vinna saman í ólíkum hópum að verkefnum sem fela í sér samvinnu við skólafélagana.

Lögð er áhersla á að nemendur fræðist um mannréttindi og jafnrétti og að hvergi gæti mismununar í starfi skólans. Námið byggir á gagnrýninni hugsun og ígrundun um gildi samfélagsins. Í öllum starfsháttum þarf að taka tillit til viðhorfa, gildismats og siðferðis sem fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar.

Jafnrétti

Allt skólastarfið skal vera í anda jafnréttis og á það að vera samofið leik og starfi nemenda. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum samfélagsins og kennir nemendum að greina aðstæður sem leiða til mismununar. Í öllu skólastarfinu er farið eftir ákvæði jafnréttislaga um kyn, fötlun, kynhneigð og þjóðerni. Lögð er áhersla á að skólinn starfi án aðgreiningar. Mikilvægt er að skapa meðvitund um mismunandi félagsstöðu og vægi íbúa í nærsamfélaginu. Unnið er eftir jafnréttisáætlun skólans sem birt er á bls. 44.

Sköpun

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna nýja möguleika. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst um lausn viðfangsefna og nýja möguleika. Í Heiðarskóla er lögð áhersla á skapandi greinar s.s. tónmennt, leiklist/tjáningu, myndlist og dans. Ýmis skapandi viðfangsefni skipa stóran sess í skólastarfinu og má í því sambandi nefna heildstæð og samþætt verkefni og þemavinnu.

Áhersluþættir í grunnskólalögum

Samkvæmt ákvæði í 24.gr. laga um grunnskóla ber að leggja áherslu á ýmsa þætti í námi og kennslu. Þessir þættir eru m.a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félags- og borgaravitund, félagsfærni og gagnrýnin hugsun. Þessir áhersluþættir eru ekki bundnir við einstakar námsgreinar heldur eiga þeir að vera leiðarljós í menntun og starfsháttum skólans.



Innra mat á árangri og gæðum

Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram víðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrífætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 28-29

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum í skólastarfinu. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl.

Sjálfsmatsteymi skólans ber ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og kemur með tillögur til umbóta þar sem við á.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi

- Leita leiða til að bæta námsárangur.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu.
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans og markmið.

Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar,

umræðufundir, próf, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun til þriggja ára þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er sett fram áherslu- og umbótaáætlun.

Eftir tiltekinn tíma er farið yfir hvort úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri. Matsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið er birt í starfsáætlun skólans.

Skilgreining á innra og ytra mati

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Menntamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat í sjálfsmatsskýrslu skólans þar sem við á.

Þróunar og umbótastörf

Allt frá stofnun skólans hefur verið unnið að fjölmörgum umbóta- og þróunarverkefnum.

Skólaárið 2000 – 2001	Heildstæð móðurmálskennsla
Skólaárið 2002 – 2003	SOS námskeið – hjálp fyrir foreldra
Skólaárin 2002 – 2004	Olweusarkerfið gegn einelti
Skólaárið 2003 – 2004	Læsi til framtíðar
Skólaárin 2004 – 2007	Þróun og endurskoðun á námsmati
Skólaárin 2005 – 2007	Sjálfsmynd og félagsfærni nemenda
Skólaárið 2007 – 2009	Uppbyggingarstefnan
Skólaárið 2010 – 2011	Áhugasamir nemendur - árangursríkara skólastarf
Skólaárin 2010 – 2012	Læsisbrú
Skólaárið 2011 – 2012	Skapandi nám - áhugasamir nemendur
Skólaárin 2012 – 2014	Innleiðing nýrrar menntastefnu
Skólaárið 2013 – 2014	Spjaldtölvur í námi og kennslu
Skólaárið 2013 – 2015	Mat í þágu náms
Skólaárið 2015 – 2016	Tækniþekking kennara, stuðningur, efling og öryggi
Skólaárið 2017 – 2018	Leiðsagnarmat er lykill (unnið í samstarfi við Njarðvíkurskóla)
Skólaárið 2018 - 2019	Ég, þú og við sem heild
Skólaárið 2019 - 2020	Íslenska fyrir okkur öll
Skólaárið 2020-2021	Tækniskrefin

Á hverju ári er framkvæmt sjálfsmat og út frá niðurstöðum matsins er síðan unnin áætlun um umbætur og þróunarstarf. Gefin er út sjálfsmatsskýrsla eftir hvert skólaár og er hún birt á heimasíðu skólans.

Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun

Í skólanum er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra nemenda skólans. Velferð nemenda og góð námsframvinda byggir ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna. Hlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna, eiga gott samstarf við skóla og taka þátt í námi barnanna. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli starfsfólks skóla og heimila stuðlar að gagnkvæmu trausti. Mikilvægt er að foreldrar upplýsi starfsmenn skólans um atriði sem geta haft áhrif á líðan nemandans í skólanum, (t.d. viðburðir, áföll, veikindi).

Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

Mikilvægt er að foreldrar tali jákvætt um skólann, starfið sem þar er unnið og starfsfólkið því viðhorf foreldra hafa að sjálfsögð mótandi áhrif á viðhorf nemenda. Foreldrar eru hvattir til að benda á það sem betur má fara með því að hafa samband við starfsfólk skólans. Áhersla er lögð á upplýsingagjöf frá skóla til heimilis og einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum við kennara og einnig eru höfð samskipti með tölvupósti, fundum og í gegnum Mentor.

Til að tryggja gott samstarf heimilis og skóla er lögð áhersla á eftirfarandi:

- Reglulega senda umsjónarkennarar foreldrum upplýsingar um það helsta sem er á döfinni hverju sinni.
- Tvisvar sinnum á skólaárinu eru foreldrar og nemendur boðaðir til samtals um líðan og námsframvindu, oftast ef þurfa þykir.
- Á tveggja vikna fresti senda umsjónarkennarar upplýsingar um ástundun nemenda til foreldra.
- Vefsíða skólans er uppfærð reglulega. Þar geta foreldrar nálgast ýmsar upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. skólanámskrá, starfsáætlun, fréttir og það helsta sem er á döfinni. Fréttir og tilkynningar eru einnig settar inn á Facebook síðu skólans.
- Kennarar setja upplýsingar um heimanám nemenda á Mentor.
- Foreldrum er boðið sérstaklega á viðburði í skólanum.

Heimanám

Heimanám er samvinnuverkefni skóla, foreldra og nemenda og jafnframt mikilvægur hluti af námi nemenda. Með heimanámi fá foreldrar gott tækifæri til að fylgjast náið með námi barna sinna og eignast hlutdeild í árangri þess. Áhugi foreldra, aðstoð og hvatning er mjög mikilvæg og getur skipt sköpum um árangur nemenda í skóla. Áhersla er á að heimanámi sé stillt í hóf, að það sé merkingarbært og við hæfi hvers og eins. Í öllum árgöngum á lestur, bæði lestrarþjálfun og

lesskilningur, að sitja í fyrirrúmi þegar heimanám er skipulagt. Mikilvægt er að heimanám feli í sér þjálfun á þáttum sem nemandinn hefur lært í skólanum en síður á ný viðfangsefni.

Með heimanámi:

- þjálfast nemendur í skipulögðum vinnubrögðum,
- ná nemendur að þjálfast betur það sem lagt er fyrir í skólanum,
- ljúka nemendur við verk sem þeir kláruðu ekki í skólanum,
- geta nemendur undirbúið sig undir kennslustundir þannig að þær verði árangursríkari,
- fá nemendur gott tækifæri til að bera ábyrgð á eigin námi.

Mentor

Heiðarskóli er í samstarfi við Mentor – fjölskylduvef. Kennarar færa þar inn upplýsingar um skólasókn, ástundun, námsmat og heimavinnu nemenda. Þar er einnig skráður vitnisburður um frammistöðu á skólaárinu. Nemendur og foreldrar fá veflykil hjá umsjónarkennara eða skrifstofustjóra við upphaf skólagöngu sem veitir foreldrum og börnum aðgang að upplýsingunum. Mikilvægt er að foreldrar skrái netföng hjá skrifstofustjóra skólans því tilkynningar eru sendar út rafrænt. Með breytingum á barnalögum 1. janúar 2013 hafa forsjárlausir foreldrar einnig aðgang að Mentor og þeim skriflegu upplýsingum sem snúa að skólagöngu barna sinna svo lengi sem þar komi ekki fram upplýsingar um persónulega hagi forsjárforeldris. Ef lykilorð glatast er hægt að fá nýtt hjá ritara.

Foreldrafélagið

Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda og efla samstarf heimila og skóla. Félagið hyggst ná markmiðum sínum m.a. með virkri upplýsingamiðlun til og frá foreldrum og með þátttöku í samstarfi við önnur foreldrafélög. FFHS er aðili að FFGÍR sem samanstendur af foreldrafélögum grunnskólanna í Reykjanesbæ. Foreldrafélag Heiðarskóla heldur jólafondurdag á aðventu og sumarhátíð að Heiðarleikum loknum sem haldnir eru undir lok skólaársins. Er þá boðið upp á ýmislegt til skemmtunar ásamt veitingum. Einnig hefur foreldrafélagið í samvinnu við skólastjórn fengið fyrirlesara á fundi og veitt skólanum ýmsa styrki t.d. fyrir rútuferðum nemendahópa og kaupum á leikföngum og námsgögnum. Stjórn foreldrafélagsins hefur frumkvæði að því að hver bekkur eigi tvo bekkjarfulltrúa. Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði. Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi að vori. Nánari upplýsingar um foreldrafélagið og foreldraráð er að finna á heimasíðu skólans.



Samstarf við aðrar skólastofnanir

Samstarf við leikskólana Heiðarsel og Garðasel

Lög og námskrár kveða á um samstarf milli leik- og grunnskóla og byggja á sameiginlegum grunni. Markmið samstarfsins er m.a. að skapa samfellu í námi og stuðla að öryggi og vellíðan barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

Góð samvinna er á milli Heiðarskóla og leikskólanna í skólahverfinu, Garðasels og Heiðarsels. Unnið er eftir áætlun sem kallast Brúum bilið og miðar hún að því að auðvelda nemendum umskiptin úr leikskóla í grunnskóla.

- Að hausti hittast leikskólakennarar og deildarstjóri yngra stigs og skipuleggja samstarfið fyrir skólaárið.
- Skólahópar leikskólanna heimsækja sinn heimaskóla nokkrum sinnum yfir skólaárið. Deildarstjóri yngra stigs tekur á móti nemendum í þessum heimsóknum. Nemendur skoða skólann og hitta stjórnendur, fara á bókasafnið, í tölvuverið, vinna verkefni með nemendum í 1. bekk og fara í íþróttatíma.
- Í tengslum við dag íslenskrar tungu koma leikskólanemendurnir í heimsókn og sjá atriði sem nemendur í 1. bekk sýna. Auk þess syngja allir saman.
- Á aðventunni er leikskólanemendum boðið að koma á sýningu á jólaleikriti skólans sem nemendur í leiklistarvali sýna.
- Í kringum árshátíð Heiðarskóla er leikskólanemendum boðið að koma og sjá atriði 1. bekkjar og við sama tilefni sýna leikskólanemendur einnig atriði.

Deildarstjóri yngra stigs fundar með deildarstjórum leikskólanna að vori þar sem leikskólakennarar afhenda gátlista sem sýna mat á ákveðnum þáttum í námi og þroska væntanlegra nemenda skólans.

Samstarf við framhaldsskóla

Heiðarskóli er í góðum tengslum við Fjölbautaskóla Suðurnesja. Námsráðgjafi Heiðarskóla er tengiliður við skólann. Á hverju vori fara nemendur í 9. bekk ásamt umsjónarkennurum í heimsókn í FS þar sem þeim er sýndur skólinn. Námsráðgjafi frá FS kemur í skólann og kynnir námið fyrir nemendum í 10. bekk.

Nemendum í efstu bekkjum skólans býðst að sækja áfanga í FS að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um lágmarkseinkunn. Foreldrar nemenda bera þann kostnað.

Samstarf við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri

Samkvæmt samningi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri er Heiðarskóli viðtökuskóli kennaranema í æfingarkennslu. Í því felst að skólinn tekur á móti kennaranemum á hverju skólaári til leiðsagnar og þjálfunar ef aðstæður leyfa.

Samstarf við tungumálaver Laugalækjaskóla

Samstarf er við tungumálaver Laugalækjaskóla vegna tungumálanáms í norsku í 8. – 10. bekk.

Tengsl við nærsamfélagið

Heiðarskóli leggur metnað sinn í að rækta tengsl nemenda við nærsamfélag skólans og tengja námið við umhverfi hans.

Nærsamfélag skólans er annars vegar landfræðilegt, bæði náttúran og manngert umhverfi og hins vegar félagslegt, svo sem fjölskyldur, stofnanir, fyrirtæki, félög og samtök. Nærsamfélag Heiðarskóla er allur Reykjanesbær. Eftirfarandi atriði eru dæmi um hvernig Heiðarskóli vinnur með nærsamfélagi skólans:

- Lögð er áhersla á að allir nemendur læri að virða og umgangast náttúruna. Þar má nefna hreinsunaráttak í hverfinu á vordögum og vinna við útikennslusvæði Heiðarskóla, Gryfjuna.
- Nemendur stunda áhuga- og færnimiðað nám í góðum tengslum við fyrirtæki og stofnanir í Reykjanesbæ.
- Nemendur í 10. bekk fara í starfskynningu að vori í stofnanir og fyrirtæki í bænum.
- Í gildi er samningur við íþrótt- og ungmennafélögin í Reykjanesbæ um samstarf í tengslum við íþróttaval nemenda í 9. og 10. bekk.
- Samstarf er við leikskólana Heiðarsel og Garðasel um valgreinina uppeldi og menntun. Nemendur í þeirri valgrein stunda að hluta til nám sitt hjá leikskólum.
- Nemendur sem velja útivist sem hluta af sínu vali kynnast nærumhverfi sínu vel. Farið er í gönguferðir um Reykjanesbæ og um allan Reykjanesskagann s.s. á Þorbjörn og að Reykjanesvita svo eitthvað sé nefnt.
- Lögð er áhersla á að náttúrufræðinámið fari að einhverju leyti fram utan veggja skólans þar sem umhverfið og náttúran er sá raunveruleiki sem nemendur eru að læra um og þurfa að þekkja.
- Útikennsla er af ýmsu tagi, t.d. fara ákveðnir árgangar vikulega í vettvangsferðir.
- Nemendur eiga kost á ferðum á öll söfn bæjarins.

Móttaka nýrra nemenda

Skólabyrjun nemenda í 1. bekk

Nemendur skólahópa á lokaári leikskóla koma í heimsóknir í skólann nokkrum sinnum yfir veturinn ásamt leikskólakennurum. Foreldrum væntanlegra nemenda er boðið á fund að vori þar sem skólastjórnendur kynna skólastarfið og sýna skólann. Nemendur í fyrsta bekk mæta ásamt foreldrum sínum til umsjónarkennara á skólasetningardegi. Daginn eftir eða á fyrsta skóladegi þeirra er athöfn á sal þar sem nemendur og foreldrar eru boðnir velkomnir.

Móttaka nýrra nemenda

Skólastjórnandi boðar nemandann og forráðamenn hans í viðtal þar sem skólinn fær upplýsingar um stöðu nemandans og kynnir fyrir þeim helstu áherslur í starfi skólans. Skólastjórnandi sýnir þeim skólahúsnæðið og kynnir umsjónarkennara og eftir atvikum stuðningsfulltrúa einnig. Forráðamenn skrifa undir skjal sem varðar myndatökur og birtingu myndefnis. Ef nemandi er í 8. – 10. bekk er spjaldtölvusamningur undirritaður.

Nemandinn fær stundaskrá og helstu upplýsingar um skólann. Starfsmenn skólans ásamt skólahjúkrunarfræðingi fá upplýsingar um að nýr nemandi sé byrjaður í skólanum. Nemandinn hefur skólastarf daginn eftir. Umsjónarkennari sér til þess að einhver úr hópi bekkjarfélaga sé honum innan handar fyrstu vikunnar og hjálpar honum að rata um skólann. Umsjónarkennari fylgist vel með líðan nemandans fyrstu vikunnar til að ganga úr skugga um að allt gangi vel. Deildarstjóri aflar frekari upplýsinga um nýja nemandann frá foreldrum og/eða þeim skóla sem hann sótti áður ef þörf er á.

Móttaka og kennsla tvítyngdra og erlendra nemenda

Skólastjórnandi boðar nemandann og forráðamenn hans til samtals þar sem skólinn fær upplýsingar um stöðu nemandans og kynnir fyrir þeim helstu áherslur í starfi skólans. Umsjónarkennari og kennari í íslensku sem annað tungumál taka þátt í samtalinu auk þess sem þjónusta túlks er nýtt ef þörf er á. Hjúkrunarfræðingur kallar eftir heilbrigðisvottorði og bólusetningarvottorði. Vottorð um læknisskoðun þarf frá börnum sem voru búsett utan Evrópusambandsins.

Í framhaldi af móttökusamtalinu metur kennari í íslensku sem annað tungumál, umsjónarkennari og deildarstjóri stöðu nemandans í námi. Á grundvelli þeirra upplýsinga er unnin einstaklingsnámskrá. Ákveðinn er tímafjöldi í íslensku sem öðru tungumáli fyrir nemandann og miðast hann við mat á stöðu nemandans. Deildarstjóri boðar þá starfsmenn sem koma að nemandanum til stöðu- og samráðsfundar reglulega. Að öðru leyti fer móttaka nemandans fram á sama hátt og hjá öðrum nýjum nemendum skólans.

Móttaka nemenda með sérþarfir

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Móttaka nemenda með sérþarfir eru einstaklingsmiðaðar og skiptir þar máli hvers eðlis sérþarfirnar eru. Haldinn er fundur með foreldrum/forráðamönnum og þeim fagaðilum sem koma að þjónustu við nemandann. Þar fær skólinn upplýsingar um stöðu nemandans. Í mörgum tilfellum er ástæða til að mynda teymi fagfólks, sem hittist a.m.k. tvisvar á ári eða eftir þörfum, til að meta stöðuna og þá þjónustu sem nemandinn þarf. Hvert teymi er sniðið eftir þörfum barnsins og þeir fagaðilar mynda teymið sem tengjast málum þess.

Þroskaþjálfari ásamt umsjónarkennara og deildarstjóra gera einstaklingsnámsskrá og stundaskrá sem miðast við getu og þarfir nemandans.

Þroskaþjálfari hefur umsjón með hjálpartækjum nemanda og sér um viðhald og stillingar. Hann sér einnig um samskipti við fagaðila svo sem sjúkrapjálfa og tengiliði Greiningarstöðvar.

Fundur vegna barna með sérþarfir sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk er haldinn að vori áður en formleg skólaganga hefst, þegar við á. Fundinn sitja deildarstjóri leikskóla, deildarstjóri yngra stigs og þroskaþjálfari. Umsjónarkennari situr einnig fundinn ef búið er að taka ákvörðun um hver hann verður. Skipulagðar eru heimsóknir á leikskóla og skóla eftir þörfum hvers nemanda. Aðlögun nemandans í skólann fyrir skólabyrjun fer fram í samstarfi við þroskaþjálfara og deildarstjóra yngra stigs.

Tilfærsluáætlun vegna nemenda með sérþarfir

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla er gert ráð fyrir að kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra, taki þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsmiðaðri áætlun. Tilgangurinn með tilfærsluáætlun er að miðla upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður og stöðu og áform þeirra um frekara nám, á milli skólastiga. Undirbúningur tilfærsluáætlunar hefst að öllu jöfnu í 9. bekk. Tilfærsluáætlanir eru einstaklingsmiðaðar og eru mismunandi að gerð og umfangi. Þær eru unnar af deildarstjóra unglingastigs, umsjónarkennara, sérkennara, þroskaþjálfara og náms- og starfsráðgjafa, eftir eðli máls.

Áætlanir og stefnur

Lestraráætlun

Í Aðalnámskrá grunnskóla er læsi einn af grunnþáttum menntunar.

Læsi er vítt hugtak sem snýst um færni sem fólk þarfnast til þess að geta lesið og skilið ritaðan texta og fært hugsanir sínar í ritað letur. Þannig er lestur málræn, vitræn og félagsleg athöfn. Fólk hugsar og lærir í gegnum tungumálið sem gerir því kleift að læra hvert af öðru, miðla reynslu og skipuleggja. Ritmálið gerir því kleift að geyma meiri þekkingu en mannsheilinn er fær um að geyma og er því stórkostleg viðbót við minnið og veitir þannig aðgang að meiri þekkingu, upplifun og ánægju.

Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og eitt það mikilvægasta sem einstaklingur þarf að tileinka sér til að geta tekið þátt í menningarlegu og samfélagslegu atferli eða eins og segir í Aðalnámskrá (2011:31-32): „Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“

Lestur og lesskilningur

Lestur er stigskipt þróun sem byggir á málþroska nemendanna. Markviss kennsla í lestri hefst í leikskólanum þar sem áhersla er lögð á grunnfærni nemenda, þjálfun mál- og hljóðkerfisþroska en kennslan heldur áfram alla skólagönguna í tengslum við allt skólastarf og allar námsgreinar. Mikil áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun með því að aðstoða og efla nemendur við upphaf lestrarnáms til þess að koma í veg fyrir námserfiðleika á síðari stigum skólagöngunnar. Alla skólagönguna er fylgst með framvindu lestrarnáms allra nemendanna og áhersla lögð á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarferlinu á einstaklingsbundinn hátt. Framan af er megin áhersla lögð á umskráningu, þ.e. að nemendur lesi einfalda texta sem þyngjast smátt og smátt upp í flókið og sérhæft námsefni sem gerir miklar kröfur til lesskilnings.

Markmið lesturs er að skilja innihald þess texta sem lesinn er. Lesskilningur felur meðal annars í sér að draga ályktanir af því sem ekki er sagt, að lesa á milli lína, að greina uppbyggingu textans og geta dregið út aðalatriði hans og hvort textinn skilst nægilega vel. Ýmsir þættir hafa áhrif á lesskilninginn, svo sem hugtakaskilningur, fyrri reynsla nemenda, eftirtekt og minni. Nemendur beita að öllu jöfnu ólíkum aðferðum við lesskilning. Þeir spá fyrir um efni áður en þeir lesa, tengja við eigin reynslu og þekkingu, fylgjast með skilningi sínum og bregðast við ef skilningur bregst.



Kennsluaðferðir

Hljóðlestraraðferð

Við upphaf skólagöngu í Heiðarskóla er fyrst og fremst gengið út frá aðferðum hljóðlestrar. Þetta er raunprófuð, samtengjandi kennsluaðferð þar sem smáar einingar málsins eru tengdar saman í stærri og stærri heildir. Byrjað er á að kenna bókstafi og hljóð þeirra og tengja þá síðan saman í lesbúta og orð. Þetta þróast í að nemandinn nái fullkomnum tengslum milli bókstafs og hljóðs og nái sjálfvirkni í lestri. Eftir því sem nemendur verða færari í lestrartækninni færist áhersla meir og meir á lesskilninginn. Þeir læra aðferðir sem hjálpa til að skilja texta, finna staðreyndir, lesa á milli lína og draga ályktanir

Ásamt hljóðlestraraðferð er einnig stuðst við eftirfarandi kennsluaðferðir:

Orðaaðferð

Orðaaðferð felst í því að kenna nemendum orðheildir eða orðmyndir. Þetta er fyrst og fremst til að kenna þeim algengar orðmyndir smáorða sem er gott að geta lesið leiftursnöggt.

LTG – Lestur á talmálsgrunni

LTG er sundurgreinandi lestrarkennsluaðferð sem byggir á að tengja saman reynslu nemenda, myndmál, tal og ritun. Nemendur vinna með heilar merkingabærar setningar sem gera lesturinn skemmtilegri og stuðlar þannig að aukinni lestrarfærni.

PALS

PALS lestraraðferðin byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 til 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvorn annan við að bæta lesturinn. Kennarinn fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Bergmálslestur

Markmið er að auka lesfimi. Kennari les setningu og nemendur lesa sömu setningu saman í kór.

Paralestur

Markmið að auka lesfimi. Nemendapör lesa upphátt til skiptis.

Hugtakakort

Hugtakakort eru mynðræn framsetning til þess að nemendur komi skipulagi á hugsun sína og nái yfirsýn yfir námsefni. Hugtakakort henta vel til að byggja upp skilning á hugtökum og tengja nýjar upplýsingar við fyrri þekkingu.

Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur er samvinnunámsaðferð þar sem nemendur og kennari hjálpast að við lesturinn. Nemendur lesa texta, spá fyrir um framhald hans, velta fyrir sér skilningi þeirra, spyrja spurninga og taka saman meginatriði.

Lesið til skilnings

Lesið til skilnings fer oftast fram í hópakennslu. Nemendum er kennt að taka saman meginatriði efnisins, spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans. Leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst og spá fyrir um framhald texta. Í upphafi hvers lestrar er spáð fyrir um hvað textinn fjallar með því að vekja athygli á gildi mynda, fyrirsagna og annarra vísbendinga í textanum. Forspáin er ekki einungis notuð í byrjun heldur er hún viðvarandi ferli í gegnum lesturinn þar sem lesarinn fær ýmist staðfestingu á spá sinni og/eða endurskoðar hana eftir því sem lengra er komið.

Orð af orði

Orð af orði hefur það að markmiði að efla læsi og námsárangur. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna aðferðir við að sundurgreina orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta eða endurbyggja á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Á yngsta stigi skrifa nemendur orð sem þeir safna í „orðabók“ og einnig orð dagsins þar sem valið er orð sem unnið er með.

Leiðarabókarfærslur

Nemendur gera „orðabók“ með ýmsum hugtökum sem tengjast hinum ýmsu fögum. Hugmyndin er að nemendur hafi eina góða hugtakabók sem hægt er að styðjast við í hverju fagi í frekara námi.

Lestur af töflum, gröfum og þess háttar

Nemendur fá mismunandi töflur með upplýsingum og æfa sig að lesa úr þeim.

Lestrarþjálfun

Ekkert eykur færni í lestri eins vel og það að lesa. Eftir því sem nemendur lesa meira og fjölbreyttara efni eykst skilningur þeirra og löngun til að lesa meira.

Rannsóknir hafa sýnt samband milli lesturs barna og námsárangurs. Þeir nemendur sem lesa bækur sér til ánægju standa að mörgu leyti betur að vígi en þeir jafnaldrar sem gera það ekki. OECD bendir á að tengslin milli ánægju af bóklestri og námsárangurs í PISA-prófunum eru svo sterk að börn sem lesa bækur daglega standa að meðaltali einu og hálfu skólaári frammar en börn sem ekki stunda daglegan bóklestur.

Í skóla

Í skóla er mikilvægt að kennari hlusti daglega á upplestur nemenda á yngsta- og miðstigi þar til þeir hafa náð 50% viðmiði fyrir lesfimipróf Lesferils. Þegar því hefur verið náð er hægt að hlusta á þá þrisvar í viku og nýta tímann í annars konar lestrarverkefni. Nemendur á unglingastigi lesa þrisvar í viku fyrir starfsfólk skóla þar til 50% viðmiði fyrir lesfimipróf Lesferils hefur verið náð. Yndislestur í skóla á unglingastigi er einu sinni til tvisvar í viku, ein kennslustund í senn.

Lestrarsprettir

Í Heiðarskóla er farið í lestrarspretti tvisvar á ári, í desember og apríl. Þá er aukinn tími lagður í yndislestur og árangurinn gjarnan gerður sýnilegur á veggjum skólans. Áhersla er lögð á að skrá lestrartíma nemendanna þannig að þeir sem eru hæglæsir og ljúka e.t.v. ekki mörgum blaðsíðum eða bókum leggja jafn mikið af mörkum og aðrir.

Lestrarvinir

Lestrarvinir eru yngri og eldri nemendur sem hittast nokkrum sinnum á ári, velja sér bók saman og lesa og hlusta á hver á annan og vinna verkefni sem tengjast viðburðum í skólanum.

Upplestrarkeppni/upplestrarhátíð

Á hverju ári er haldin upplestrarkeppni meðal nemenda í 4. og 7. bekk.

Í 7. bekk taka nemendur þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Hefst hún formlega á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og henni lýkur í mars.

Upplestrarhátíðin hjá 4. bekk er haldin í skólanum á vorönn að viðstöddum foreldrum, kennurum, starfsmanni FRÆ og nemendum 3. bekkjar.

Markmið upplestrarkeppni er að vekja athygli og áhuga nemenda á vönduðum upplestri og framburði, að þjálfa nemendur í upplestri, að koma fram fyrir aðra, að hlusta á aðra, efla sjálfstraust og góða og þrúðmannlega framkomu.

Skólabókasafn

Skólabókasafnið er mikilvægur áhrifavaldur í lestrarþjálfun nemenda. Það er opið alla virka daga og geta nemendur fengið bækur lánaðar. Eins er góð aðstaða á safninu fyrir nemendur til að lesa bækur og sinna verkefnavinnu. Bókasafnið býr yfir fjölbreyttu lesefni sem hentar getu og þroska hvers nemanda. Á bókasafninu hafa verið settar upp sýningar í tengslum við fjölbreytilega flokka bóka í hverjum mánuði.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember. Þá eru haldnar menningarstundir á sal þar sem nemendur flytja atriði og er áhersla er lögð á framsögn, sköpun og túlkun.

Bókakynningar

Á hverju skólaári eru rithöfundar fengnir í heimsókn til að lesa upp úr bókum sínum fyrir nemendur á sal.

Sumarlestur

Bókasafn Reykjanesbæjar hefur árlega efnt til Sumarlestrar og kynnt verkefnið í grunnskólunum á vorin. Skólinn hefur hvatt nemendur til að taka þátt í verkefninu.

Heimalestur

Strax við upphaf skólagöngu er nauðsynlegt að barnið sé aðstoðað við að lesa heima. Markmið heimalestrar er að börn auki lesfimi sína og bæti orðaforða og málskilning. Foreldrar eru mikilvægir þátttakendur í lesþjálfun barna sinna og er foreldrum nemenda í 1. bekk leiðbeint

um aðferðir og mikilvægi heimalestrar á samskiptadegi við upphaf skólagöngu.

Á yngsta- og miðstigi lesa nemendur daglega í 15 mínútur heima, foreldrar fylgjast með og skrá í lestrardagbók.

Nemendur á unglingastigi lesa daglega í 15 mínútur á dag eða að jafnaði um 30-50 blaðsíður á viku. Allir eiga að lesa 1-2 blaðsíður upphátt og klára svo í hljóði. Foreldrar/forráðamenn fylgjast með lestrinum og skrá hann á sérstakt heimalestursblað. Á heimalestursblaðinu er einnig lestrarskýrsla sem nemendur fylla út. Nemendur skila inn a.m.k. sex heimalestursblöðum á skólaárinu (þremur fyrir áramót og þremur eftir áramót). Heimalesturinn er metinn til námsmats.

Nemendur sem ekki hafa náð lágmarksviðmiði árgangs fá sérstaka lestrarþjálfun í skóla og vel þarf að huga að lestrarþjálfun heima. Raddlestrarviðmið hvers árgangs eru í samræmi við útgefin viðmið Menntamálastofnunar. Þau má sjá neðar í þessu skjali undir skimanir og próf.

Sérúrræði

Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði árgangs í lesfimi eða sýna á annan hátt merki um lestrarörðugleika fá aukna lestrarþjálfun í skóla og/eða vinna samkvæmt einstaklingsmiðaðri áætlun að þeim þáttum sem þarfnast aukinnar þjálfunar. Mikilvæg forsenda þess að þjálfunin beri árangur er öflugt samstarf heimilis og skóla.

Þegar skimunarniðurstöður, sem kennsluráðgjafar fræðsluskrifstofu annast, liggja fyrir fara umsjónarkennarar, sérkennarar og stjórnendur yfir niðurstöðurnar og í framhaldinu eru gerðar áætlanir um þjálfun og/eða úrbætur. Að loknum prófum sem kennarar skólans framkvæma eiga umsjónarkennarar, sérkennarar og deildastjórar samtal um niðurstöðurnar og er þörf fyrir aukna lestrarþjálfun hóps eða einstaklinga metin. Síðan er ákveðið með hvaða hætti lestrarkennslan eða stuðningurinn verður framkvæmdur.

Á yngsta- og miðstigi annast sérkennari einstaklingsmiðaða þjálfun þeirra sem eiga í lestrarvanda eða sýna merki um vanda eftir fyrirlögn skimunar eða prófa. Eru einstaklingsáætlanirnar unnar í nánú samstarfi við umsjónarkennara. Á yngsta stigi annast umsjónarkennari, með aðstoð stuðningsfulltrúa, lestrarþjálfun í skóla og sérstaklega er hugað að þeim nemendum sem eiga í lestrarvanda t.d. með því að gefa þeim aukinn tíma til upplestrar. Á mið- og elsta stigi eru skipulagðir sérstakir lestrarþjálfunartímar stuðningsfulltrúa til handa þeim sem mest þurfa á aukinni þjálfun að halda. Auk þessa gefst nemendum á yngsta- og miðstigi kostur á heimanámsaðstoð eftir skóla en þar lesa nemendur upp fyrir stuðningsfulltrúa. Lesfimiviðmið hvers árgangs eru í samræmi við útgefin viðmið Menntamálastofnunar.



LESTRARGLEÐI

Áhugi og ánægja af lestri eru mikilvægar forsendur góðrar framvindu í lestrarnámi. Ærin ástæða er því til að huga vel að leiðum sem eru líklegar til að auka lestraráhuga og -ánægju. Eftirfarandi hugmyndir geta verið gagnlegar í því sambandi.

1. Fá þekkta einstaklinga í samfélaginu til að koma inn í skólann til að lesa fyrir nemendur og kynna uppáhaldsbókina sína (íþróttagarpar, tónlistarmenn o.s. frv.)
2. Bókaklúbbur. Bekknum skipt í hópa og hver hópur velur sér bók sem þau lesa saman.
3. Skiptibókasafn. Fá lánaðar bækur sem höfða sérstaklega til stráka s.s. ævisögur íþróttamanna, tónlistarmanna o.s. frv.
4. Höfundakynningar.
5. Kósýdagur helgaður lestri.
6. Kennarar lesi fyrir bekk.
7. Nemendur lesa bókarbyrjun og búa til framhald t.d. leikræn tjáning.
8. Nemendur lesa síðustu blaðsíður bóka og búa til sögubyrjun.
9. Lesa bók – horfa á kvikmynd.
10. Lesa bók – gera stuttmynd.
11. Lesa bók – búa til auglýsingu.
12. Lesa bækur á ensku.
13. Lestrarvinir. Árgangar paraðir saman og nemendur velja sér bók saman lesa hver fyrir annan.
14. Grunnskólanemendur lesa fyrir leikskólanemendur.
15. Æfa framsögn, t.d. lesa sama ljóð eins og dánarfregn- brandara-auglýsingu.
16. Fá blaðamenn til að spyrja nemendur um uppáhaldsbókina sína og birta niðurstöður í bæjarblaðið.
17. Útvarpsútsendingar. Fulltrúar bekkja lesa.
18. Útvarpsleikrit.
19. Hafa dagblöð og tímarit aðgengileg á sameiginlegum svæðum skólans.
20. Leika bókattila.
21. Velja setningar úr bókum sem nemendur eru að lesa og skrifa t.d fjórða setning á blaðsíðu fimm. Nemendur geta síðan unnið með setningarnar á ýmsan hátt t.d. sett þær saman í örsögu, búið til framhald.

Fá nemendur til að fjalla um bækur sem þeir lesa á heimasíðu skólans.

Skimanir og próf

Skimanir og próf eru lögð fyrir nemendur til þess að fylgjast með framförum og gera skólanum kleift það mikilvæga verkefni að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Upplýsingar um niðurstöður skimana og prófa berast til foreldra og forráðamanna ýmist á Mentor eða bréflega.

1. bekkur

Bókstafa- og lestrarkönnun ágúst – september

Bókstafakannanir eru lagðar fyrir þá nemendur sem ekki eru farnir að lesa samfelldan texta.

Lesfimiþróf er lagt fyrir þá nemendur sem eru farnir að lesa léttan texta.

Lesferill-lesskimun fyrir 1. bekk grunnskóla í október.

Lesfimiþróf eru lögð fyrir alla nemendur í janúar og maí. Nemendur eru lestrarþrófaðir oftár ef þurfa þykir.

Lesskilningsþróf er lagt fyrir í maí.

Viðmið í lesfimi við lok 1. bekkjar:

Orð

75 orð eða meira á mínútu.

55-74 orð á mínútu

20 – 54 orð á mínútu

0 – 19 orð á mínútu

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

nemandi þarfnast sérstakrar þjálfunar

Undir 19 orðum	20 – 54 orð	55 – 74 orð	75 orð og yfir
---------------------------	------------------------	------------------------	---------------------------

2. bekkur

Bókstafakannanir eru lagðar fyrir þá nemendur sem ekki eru farnir að lesa samfelldan texta.

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí. Nemendur eru lestrarþrófaðir oftár ef þurfa þykir.

Lesskilningsþróf eru lögð fyrir tvisvar á skólaárinu.

Viðmið í lesfimi við lok 2. bekkjar:

Orð

100 orð eða meira á mínútu

85 – 99 orð á mínútu

40 – 84 orð á mínútu

0 – 39 orð á mínútu

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

nemandi þarfnast sérstakrar þjálfunar

Undir 40 orðum	40 – 84 orð	85 – 99 orð	100 orð og yfir
---------------------------	------------------------	------------------------	----------------------------

3. bekkur

LOGOS lestrarskimun

Orðarún 1 - lesskilningspróf - fyrir áramót

Orðarún 2 - lesskilningspróf - eftir áramót

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí. Nemendur eru lestrarprófaðir oftari ef þurfa þykir.

Viðmið í lesfimi við lok 3. bekkjar:

Orð

120 orð eða meira á mínútu

100 – 119 orð á mínútu

55 – 99 orð á mínútu

0 – 54 orð á mínútu

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

nemandi þarfnast sérstakrar þjálfunar

Undir 55 orðum	55 – 99 orð	100 – 119 orð	120 orð og yfir
---------------------------	------------------------	--------------------------	----------------------------

4. bekkur

Orðarún 1 - lesskilningspróf - fyrir áramót

Orðarún 2 - lesskilningspróf - eftir áramót

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Viðmið í lesfimi við lok 4. bekkjar:

Orð

145 orð eða meira á mínútu

120 – 144 orð á mínútu

80 – 119 orð á mínútu

0 – 79 orð á mínútu

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

nemandi þarfnast sérstakrar þjálfunar

Undir 80 orðum	80 – 119 orð	120 – 140 orð	140 orð og yfir
---------------------------	-------------------------	--------------------------	----------------------------

5. bekkur

Orðarún 1 – lesskilningspróf – fyrir áramót

Orðarún 2 – lesskilningspróf – eftir áramót

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Viðmið í lesfimi við lok 5. bekkjar:

Orð

160 orð eða meira á mínútu

140 – 159 orð á mínútu

90 – 139 orð á mínútu

Nemendur sem ekki hafa náð um 80 orðum á mínútu í lesfimiþrófi í september þurfa frekari þjálfun og í sumum tilfellum sérúrræði.

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

Undir 90 orðum	90 – 139 orð	140 – 159 orð	160 orð og yfir
---------------------------	-------------------------	--------------------------	----------------------------

6. bekkur

LOGOS lestrarskimun

Orðarún 1 - lesskilningspróf - fyrir áramót

Orðarún 2 – lesskilningspróf – eftir áramót

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Viðmið í lesfimi við lok 6. bekkjar:

Orð

175 orð eða meira á mínútu

155 – 174 orð á mínútu

105 – 154 orð á mínútu

Nemendur sem ekki hafa náð um 90 orðum á mínútu í lesfimiþrófi í september þurfa frekari þjálfun og í sumum tilfellum sérúrræði.

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

Undir 105 orðum	105 – 154 orð	155 – 174 orð	175 orð og yfir
----------------------------	--------------------------	--------------------------	----------------------------

7. bekkur

Orðarún 1 – lesskilningspróf – fyrir áramót

Orðarún 2 – lesskilningspróf – eftir áramót

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Viðmið í lesfimi við lok 7. bekkjar:

Orð

190 orð eða meira á mínútu

165 – 189 orð á mínútu

120 – 164 orð á mínútu

Nemendur sem ekki hafa náð um 105 orðum á mínútu í lesfimiþrófi í september þurfa frekari þjálfun og í sumum tilfellum sérúrræði.

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

Undir 120 orðum	120 – 164 orð	165 – 189 orð	190 orð og yfir
----------------------------	--------------------------	--------------------------	----------------------------

8. bekkur

LOGOS lestrarskimun

Orðarún 1 – lesskilningspróf – fyrir áramót

Orðarún 2 – lesskilningspróf – eftir áramót

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Viðmið í lesfimi við lok 8. bekkjar:

Orð

210 orð eða meira á mínútu

180 – 209 orð á mínútu

130 – 179 orð á mínútu

Nemendum sem lesa undir 120 orð á mínútu í lesfimiþrófi í september er boðið sérúrræði.

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

Undir 130 orðum	130 – 179 orð	180 – 209 orð	210 orð og yfir
----------------------------	--------------------------	--------------------------	----------------------------

9. bekkur

Lesskilningspróf eru lögð fyrir tvisvar á skólaárinu.

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Viðmið í lesfimi við lok 9. bekkjar:

Orð

210 orð eða meira á mínútu

180 – 209 orð á mínútu

140 – 179 orð á mínútu

Nemendum sem lesa undir 130 orð á mínútu í lesfimiþrófi í september er boðið sérúrræði.

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

Undir 140 orðum	140 – 179 orð	180 – 209 orð	210 orð og yfir
----------------------------	--------------------------	--------------------------	----------------------------

10. bekkur

Lesskilningspróf eru lögð fyrir tvisvar á skólaárinu.

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Viðmið í lesfimi við lok 10. bekkjar:

Orð

210 orð eða meira á mínútu

180 – 209 orð á mínútu

145 – 179 orð á mínútu

Nemendum sem lesa undir 140 orð á mínútu er í lesfimiþrófi í september er boðið sérúrræði.

Árangur

mjög góður árangur

góður árangur

nokkuð góður árangur

Undir 145 orðum	145 – 179 orð	180 – 209 orð	210 orð og yfir
----------------------------	--------------------------	--------------------------	----------------------------

Ritun

Eins og kemur fram í læsisstefnu Reykjanesbæjar eru lestur og ritun gagnvirkir ferli sem þjálfar þarf samhliða. Ritun er ferli þegar rittákn eru notuð til að skrá niður tungumálið, hugsanir og orð til að hægt sé að endurvekja þau síðar. Hvetjandi ritmálsumhverfi er mikilvægt og veitir barni tækifæri til að fylgjast með öðrum, gera tilraunir og prófa sig áfram. Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) er jafnframt fjallað um að læsi hefur lengi verið tengt við þá kunnáttu og færni sem einstaklingar þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í ritað mál og skilið almennan texta.

Þjálfun í ritun á sér stað þvert á námsgreinar en markviss ritunarkennsla fer þó fyrst og fremst fram í íslensku. Í upphafi felst ritunarþjálfun að mestu í því að nemendur læri að draga til stafs, skrifi orð á línu, hafi rétt bil á milli orða, hefji málsgrein á stórum staf og endi hana á punkti. Síðar tekur við einföld sögugerð eða ritun frásagna nemenda af atburðum úr eigin lífi. Smátt og smátt verða slík verkefni viðameiri og þjálfun í uppbyggingu skáldaðrar sögu eða frásagnar með upphafi, miðju og endi fær meira vægi sem og stafsetning. Á miðstigi fást nemendur áfram við frjálsa ritun en stíga jafnframt sín fyrstu skref í því að smíða bókmenntaritgerðir samkvæmt formföstum fyrirmælum um uppbyggingu texta og framsetningu auk þess sem meiri áhersla er lögð á stafsetningu. Á unglingastigi fer fram enn markvissari þjálfun í ritun. Áhersla er lögð á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, svo sem með frjálsri ritun eða rökfærslu-, heimilda- og kjörbókaritgerðum. Þeir efla færni sína í að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og um leið þjálfast þeir í stafsetningu.

Uppbyggingarstefnan

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga er hugmyndafræði eða stefna sem við notum í samskipta- og agamálum. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á kennslu sjálfsaga, sjálfsstjórn og uppbyggilegra samskipta. Stefnan hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, spurt er hvernig manneskjur viljum við vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gert betur og snúið síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust.


Í uppbyggingu sjálfsaga er lögð áhersla á jákvæð samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og sjálfsvirðingu fremur en umbun. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn hugsi áður en hann framkvæmir og bregðist rétt við aðstæðum.

Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum með gerð bekkjarsáttmála. Þeir einbeita sér síðan að því að finna út hvernig hægt er að hafa grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og starfsfólk koma sér saman um hlutverk beggja með verkefnavinnu sem kölluð er *Mitt og þitt hlutverk*. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við í námi og samskiptum.

Árlega er svokallaður *Uppbyggingastefnudagur* en þá vinna allir nemendur skólans verkefni í anda uppbyggingarstefnunnar sem miða að því að styrkja nemendur sem einstaklinga og sem hóp.

Hvað er uppeldi til ábyrgðar?

- Leið til að ýta undir jákvæð samskipti.
- Miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsgæta og læra af mistökum í samskiptum.
- Byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.
- Ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Gefur innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Eflir nemendur í sjálfstæðri hugsun og að þeir þroski með sér jákvætt gildismat.



Grunnþarfir

Grunnþarfirnar fimm eru undirstöðuþáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar.

Öll hegðun stafar af því að við erum að reyna að mæta einhverri af þörfunum. Þær eru missterkar hjá fólki, sem m.a. gerir það að verkum að við erum öll ólík.

			
Gleði	Frelsi	Tilheyra	Áhrif
Leikur	Geta valið sjálfur	Ást og umhyggja	Vera góður í
Námsgleði	Sjálfstæði	Góðvild	Finna mikilvægi sitt
Hlátur	Forvitni	Þykja vænt um	Fá viðurkenningu
Jákvæðni	Víðsýni	Samvinna	Standa sig vel
Skopskyn	Frumleiki	Hjálpssemi	Ráða við

Stefnan er upprunnin í Kanada og hefur upphafsmaður aðferðarinnar Diane Gossen þróað hana síðustu 20 ár. Aðferðin er þróuð út frá hugmyndum dr. William Glasser um *gæðaskólann* (Quality School) og sjálfstjórnarkenningu hans (Control Theory/Choice Theory).



Skólareglur

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á jákvæð samskipti milli allra sem þar starfa: nemenda, kennara og alls starfsfólks. Lögð er áhersla á að nemendur fái jákvæða og uppbyggjandi leiðsögn varðandi hegðun og framkomu og áhersla lögð á gagnkvæma virðingu og tillitssemi.

Lögum samkvæmt skulu skólar setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Til að starfsandi og skólabragur sé sem bestur í okkar skóla höfum við sett okkur fáar og skýrar reglur. Einnig kemur þar skýrt fram hvernig brugðist er við agabrotum.

Skólareglur Heiðarskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, hvort sem er innan eða utan hans.

Skólareglurnar eru eftirfarandi:

1. Við stundum námið af bestu getu og mætum stundvíslega.
2. Við sýnum virðingu og kurteisi í samskiptum og förum að fyrirmælum starfsfólks.
3. Við göngum vel um, berum virðingu fyrir umhverfinu og stofnum hvorki öryggi okkar né annarra í hættu með orðum eða gjörðum.
4. Við hugum vel að heilsu okkar.
5. Við notum tæki á ábyrgan hátt á skólatíma og fylgjum þeim reglum sem um þau hafa verið sett.

Nánari lýsing á skólareglum

1. Við stundum námið af bestu getu og mætum stundvíslega.

Nám er vinna sem ætlast er til að nemendur skili af sér, jafnt í skóla sem heima. Starfsfólk vinnur að því með jákvæðum aga og í samráði við forráðamenn að nemendur virði kennslustundir sem dýrmætan vinnutíma. Kennarar fylgjast með námsframvindu og hegðun nemenda sinna og gera ráðstafanir í samræmi við skólareglur ef út af ber. Mikilvægt er að nemendur komi á réttum tíma í kennslustundir. Heimilt er að skrá fjarvist mæti nemandi eftir að 15 mínútur eru liðnar af kennslustundinni.

2. Við sýnum virðingu og kurteisi í samskiptum og förum að fyrirmælum starfsfólks.

Það er sameiginlegt hlutverk skólans og heimilanna að rækta með börnum og unglingum almenna kurteisi og viðurkenndar samskiptareglur manna í milli. Við komum fram við aðra, eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Til þess að skólabragurinn sé sem bestur, góður árangur náist og öllum líði vel ber nemendum að fara að fyrirmælum starfsfólks.

3. Við göngum vel um, berum virðingu fyrir umhverfinu og stofnum hvorki öryggi okkar né annarra í hættu með orðum eða gjörðum.

Mikilvægt er að nemendur temji sér góða umgengni í og við skólann. Nemendur skulu hengja upp yfirhafnir og setja skó á viðeigandi staði.

Allir eiga rétt á að finna til öryggis í skólanum. Framkoma og hegðun nemenda skal vera þannig að hún ógni ekki öryggi annarra. Foreldrar nemenda í 1. – 7. bekk þurfa að tilkynna til skrifstofustjóra ef barn þeirra þarf að yfirgefa skólalóðina á skólatíma. Nemendum í 8. – 10. bekk er heimilt að yfirgefa skólalóðina s.s. í matartíma en eru þá á eigin ábyrgð og foreldra. Komi nemandi á hjóli, hjólaskautum, hjólabretti, sleða eða einhverjum öðrum farartækjum, skulu þau ekki notuð á skólalóðinni á skólatíma.

4. Við hugum vel að heilsu okkar.

Við komum með hollt og gott nesti í skólann. Óheimilt er að vera með sælgæti, gos eða orkudrykki á skólatíma, nema leyfi sé gefið til þess við sérstök tilefni. Við neytum ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímu- og ávanabindandi efna.

5. Við notum tæki á ábyrgan hátt á skólatíma og fylgjum þeim reglum sem um þau hafa verið sett.

Mynd- og hljóðupptaka er óheimil á skólatíma, nema með sérstöku leyfi kennara og þá í námslegum tilgangi. Í kennslustundum eiga nemendur ekki að vera með tæki sem tengjast ekki náminu og valda truflun.

Almenn viðbrögð við agamálum

Kennari ræðir við nemendahópinn um skólareglurnar og viðbrögð við agamálum og gerir hann samábyrgan fyrir góðum bekkjaranda og hvetjandi námsumhverfi. Kennari tekur á agamálum inni í bekk.

1.stig

Ef það kemur í ljós að einstaklingur er ábyrgur fyrir truflun í kennslustund eða gerist á annan hátt brotlegur við skólareglurnar, ber kennara/starfsmanni að ræða við nemandann einslega. Nemanda gefst tækifæri til að leiðrétta og bæta fyrir brot án frekari beitingar viðurlaga. Kennari, umsjónarkennari, stjórnendur eða aðrir starfsmenn skólans geta aðstoðað nemandann við að leysa úr sínum málum. Breyti nemandi ekki hegðun sinni fer málið á 2. stig.

2. stig

Kennari velur að fara leið **a.)** eða **b.)** allt eftir alvarleika málsins.

a) Kennari hefur samband við foreldra/forráðamenn, upplýsir þá um málið og kallar eftir samráði við lausn þess.

b) Kennari fær aðstoð deildarstjóra í málinu. Takist að leysa málið eru foreldrar/forráðamenn upplýstir um málið og lausn þess. Ef ekki tekst að leysa málið með nemandanum þá hefur deildarstjóri samband við foreldra/forráðamenn til þess að upplýsa um málið og óskar um leið eftir að þeir taki þátt í lausn þess.

Beri slíkt ekki tilætlaðan árangur fer málið á 3. stig.

3. stig

Málinu vísað til skólastjóra. Foreldrar/forráðamenn ásamt nemanda eru kallaðir á fund þar sem reynt er að finna lausn. Ef ekki tekst að finna lausn á vanda nemandans og ef hegðun hans kemur í veg fyrir eðlilegt skólastarf vísar skólastjóri málinu til sálfræðings skólans með samþykki foreldra/forráðamanna eða vísar honum úr skóla tímabundið, meðan reynt er að finna lausn á vanda nemandans (sbr. 14. gr í lögum um grunnskóla nr. 91/2008). Skólastjóra ber að ræða við foreldra/forráðamenn áður en gripið er til slíkrar brottvísunar og hún tilkynnt til fræðsluskrifstofu.

Ef ekki tekst að leysa vanda nemandans innan skólans á viku, vísar skólastjóri málinu til fræðslufirvalda. Fræðslufirvöld bera ábyrgð á að tryggja nemanda skólavist innan hæfilegs tíma frá brottvísun.

Skýr mörk

Starfsfólk og nemendur skólans skilgreina ákveðin mörk sem eiga að stuðla að auknu öryggi í skólanum og skapa aðstæður til að nemendur geti öðlast sjálfstjórn, eflt félagsþroska og náð árangri.

Mörkin okkar eru:

- Ekkert ofbeldi né einelti
- Engin vopn né vímuefni
- Engar ógnanir eða hótanir við neinn í skólasamfélaginu
- Engin skemmdarverk eða þjófnaðir
- Engin mismunun t.d. vegna uppruna, fötlunar, kyns og svo framvegis

Fari nemandi yfir þessi skýru mörk er málinu vísað til stjórnenda og foreldrar/forráðamenn upplýstir um málið og óskað um leið eftir að þeir taki þátt í lausn þess.

Við alvarleg agabrot getur komið til brottvísunar án áminningar. Komi brottvísun til framkvæmda eiga nemandi og forráðamenn hans rétt á andmælum samkvæmt 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Skólareglurnar voru endurskoðaðar vorið 2021

Umhverfisáætlun

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2013) er ekki gert ráð fyrir umhverfismennt sem stökum námsþætti heldur eiga skólar að útfæra umhverfismennt í skólanámskrá.

Heiðarskóli stefnir að því að gera nemendur sína meðvitaða um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu og leggur áherslu á að upplýsa nemendur og starfsfólk um að þeir geti lagt sitt af mörkum við að vernda umhverfið og náttúruna. Nemendur og starfsfólk vinna saman að því að halda skólalóð þrífalegri.

Við einsetjum okkur að:

- bera virðingu fyrir umhverfinu
- nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að endurnýta og endurvinna ýmislegt sem annars færi í ruslið
- nýta vel pappír og önnur efni
- draga úr notkun á einnota vörum og vörum í einnota umbúðum
- flokka sorp t.d. pappír, rafhlöður, dósir, plast og fernur
- ganga vel um bæði úti og inni
- nota rafræn boðskipti frekar en pappír, sé þess kostur
- spara rafmagn og vatn
- velja umhverfisvænni vörur.

Öryggi, slysavarnir, tryggingar

Slys eða veikindi

Slasist nemandi í skólanum veita hjúkrunarfræðingur, kennarar eða starfsfólk skólans skyndihjálp. Þurfi nemandinn að fara á slysadeild er æskilegt að foreldri fari sjálft með hann. Ef ekki næst í foreldra fer starfsmaður með nemandann. Óhöpp og slys nemenda eru tilkynnt foreldrum eins fljótt og auðið er. Því er nauðsynlegt að skólaritari hafi símanúmer foreldra; heimasíma, farsímanúmer og símanúmer á vinnustað. Sá aðili sem fer með barn á slysadeild þarf að nálgast beiðni hjá ritara til afhendingar á heilsugæslustöð. Ef nemandi er með alvarlegan sjúkdóm er nauðsynlegt að láta skólaheilsugæsluna vita af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingasjúkdóma. Starfsmenn skólans fara reglulega á skyndihjálparnámskeið.

Umferðaröryggi

Í mörgum árgöngum skólans fer fram umferðarfræðsla (sjá bekkjarnámskrár).

Nemendur eru hvattir til að koma gangandi í skólann og bent er á nauðsyn þess að þeir séu með endurskinsmerki svo ökumenn eigi auðveldara með að sjá þá í skammdeginu.

Nauðsynlegt er að foreldrar finni með börnum sínum bestu og öruggustu leiðina í skólann, hvetji þau til að nota gangbrautir og bendi þeim á slysagildirur sem ber að varast.

Mikil umferð er oft við skólann á morgnana og því er nauðsynlegt að fyllstu varúðar sé gætt við akstur við skólann. Foreldrar sem aka börnum sínum í skólann eru beðnir um að nota hringtorgið við aðalinngang skólans vegna slysaþættu sem getur skapast við hliðarinnganga.

Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda

Skólinn tekur ekki ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum nemenda, nema hægt sé að rekja hana til starfsfólks eða vanbúnaðar skólahúsnæðis. Við biðjum foreldra/forráðamenn að sjá til þess að nemendur komi ekki með peninga eða óþarfa hluti í skólann. Skólinn hvetur foreldra/forráðamenn til að merkja vel allan fatnað nemenda, töskur og ýmsar aðrar eigur.

Tryggingar

Öll skólabörn í Reykjanesbæ eru tryggð hjá Tryggingarmiðstöðinni (TM) hvort sem það eru líf-örorku eða slysatryggingar á meðan þau eru á ábyrgð okkar á skólatímum s.s. á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Gera þarf skýrslu um þau óhöpp sem upp kunna að koma og senda TM til varðveislu. Foreldrum er bent á að senda reikninga sem verða til vegna slysa til TM sem sér um að greiða sjúkrakostnað enda skýrslan í þeirra höndum.

Rýmingaráætlanir

Ef hættuástand skapast getur verið nauðsynlegt að rýma skólann. Rýmingaráætlun er til staðar og eru teikningar af henni í öllum stofum. Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögðin svo að rýmingin gangi vel.

Í Heiðarskóla er öflugt brunaviðvörðunarkerfi og vatnsúðakerfi. Brunavarnir Suðurnesja sjá um að æfa rýmingaráætlun. Fyrir rýmingaráæfingar þarf að útskýra fyrir nemendum tilgang æfinganna sem eru:

- að efla öryggi og þekkingu
- þjálfar nemendur í að bregðast rétt við og æfa viðbrögð
- auka líkur á að rýming gangi vel fyrir sig ef hættuástand skapast.

Rýmingaráætlun ef ógn er innan skólahúsnæðis


1. Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang kanna umsjónarmaður skóla og/eða skólastjórnandi hvaðan brunaboðið kemur. Ef ekki er slökkt á brunaboðanum innan tveggja mínútna eiga allir að yfirgefa bygginguna. Rýming er alltaf undirbúin um leið og heyrir í brunaboðanum. Skólastjórnandi og/eða umsjónarmaður skóla hefur samband við slökkviliðið í síma 112 ef boð hefur ekki borist til Securitas um brunaboð. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunaboðanum sem gefur til kynna að hættuástand sé liðið hjá og viðbragðsaðilar látnir vita.
2. Kennarar/starfsmenn undirbúa rýmingu kennslustofu/rýmis síns og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru að finna í öllum rýmum. Nemendur yfirgefa ekki

kennslustofuna fyrr en kennari/starfsmaður hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari/starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna/sinna þegar hættuástand skapast. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem næstur er samkv. leiðbeiningum eða sem er greiðastur. Ritari skólans tekur nafnalista, veikinda- og fjarvistaskráningar og litaspjöld út á söfnunarsvæðið.

3. Nemendur ganga út á undan kennara og sá aðili sem síðastur fer út úr kennslustofum/rýmum skal loka vel öllum dyrum til að draga úr reykflæði um húsið. Ekki má læsa hurðum.
4. Þegar komið er út á **söfnunarsvæðið, sem er á gervigrasvelli**, er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð á sínu svæði hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Ef allir eru komnir út heldur kennarinn/starfsmaðurinn uppi græna spjaldinu en ef einhvern vantar þá heldur kennarinn/starfsmaðurinn uppi rauða spjaldinu.
5. Umsjónarmaður skóla kemur lyklum af skólanum til varðstjóra. Aðstoðarskólastjóri athugar hvort allir kennarar/starfsmenn séu komnir út. Ef einhvern vantar aflar hann upplýsinga um það hvar viðkomandi sást síðast í byggingunni og lætur varðstjóra slökkviliðsins vita.
6. Deildastjórar fara á milli hópa og fá upplýsingar um stöðu mála í nemendahópum og upplýsa skólastjóra um stöðu mála. Skólastjóri eða staðgengill hans er tengiliður við slökkviliðið.
7. Aðstandendur nemenda eru upplýstir um stöðuna með sms skilaboðum í gegnum Mentor, verði því komið við.
8. Slökkviliðið kemur á staðinn. Skólastjórnandi/umsjónarmaður gefur varðstjóra upplýsingar um stöðuna.
9. Slökkviliðið stýrir aðgerðum og enginn fer inn í bygginguna fyrr en varðstjóri slökkviliðsins hefur gefið skólastjóra/staðgengli eða umsjónarmanni leyfi til að hleypa fólki aftur inn.
10. Ef rýma þarf skólalóðina er gervigrasvöllur yfirgefinn þegar tryggt hefur verið að allir nemendur séu komnir þangað. Haldið verður á söfnunarstaði 2 þangað sem aðstandendur sækja börn sín:
 - Yngsta stig, 1. - 4. bekkur: Á túni við Heiðarbraut, ofan við Heiðarbakka.
 - Miðstig, 5. - 7. bekkur: Við Vesturgötu, ofan við Norðurgarð.
 - Elsta stig: 8. - 10. bekkur: Við Vesturgötu, til hliðar við Heiðargarð.
11. Nemendur sem ekki verða sóttir fara í fylgd stjórnanda með lögreglu á lögreglustöð.

Ef veður er slæmt fara nemendur skipulega á öruggt svæði í skóla eða íþróttahúsi og bíða eftir að hætta sé liðin hjá.

Söfnunarstaðir 2 - þar sem aðstandendur sækja börn sín:



Áætlun þessi hefur verið yfirfarin og unnin af stjórnendum Heiðarskóla og kynnt starfsfólki á starfsmannafundi þann 10. mars 2021. Áætlun um hvernig nemendur er sóttir hvort sem er ef hætta er utan dyra eða innan dyra var borin undir lögreglu.

Rýmingaráætlun ef Almannavarnir gefa út viðvörun um hættuástand

Ef ákvörðun um rýmingu verður tekin vegna ógnar sem steðjar að umhverfinu (t.d. jarðhræringar) þá verða foreldrar að sækja börnin í skólann.

Hlutverk skólastjórna:

- Deildastjórar koma upplýsingum út í allar stofur skv. upplýsingum frá Almannavörnum.
- Deildarstjórar ganga úr skugga um að starfsfólk sé sett við alla innganga skólans til að varna því að nemendur hlaupi út.
- Skólastjóri er í samskiptum við lögreglu og Almannavarnir.
- Aðstoðarskólastjóri ákveður og gefur út tímasetningar hvenær nemendur eru sóttir í samstarfi við skrifstofustjóra og sendir út til foreldra með sms skilaboðum.
- Stjórnendur fylgjast með rýmingarferlinu og aðstoða eftir föngum bæði foreldra og starfsfólk.

-
- Skólastjóri og húsvörður fara síðastir úr húsi og ganga úr skugga um að allir séu farnir út, gluggar og hurðir lokaðar, útidyr læstar.
 - Skólastjóri veitir upplýsingar til lögreglu og Almannaþingarinnar um rýmingu skólahúsnæðis.

Hlutverk starfsfólks:

- Kennari tekur manntal m.v. nafnalista. Möppur með nafnalistum og öðrum upplýsingum eru í öllum stofum.
- Nemendur sem ekki eru í heimastofu fylgja kennara/starfsmanni sem annast hópinn í stofuna sína.
- Kennari býður með nemendum inni í stofu þar til foreldri eða staðgengill sækir nemanda. Nemendur fá ekki að fara út úr húsi einir.
- Kennari merkir við á nafnalista þegar búið er að sækja nemanda. Nemendur eru ekki látnir í hendur annarra en þeirra sem eru á aðstandendalista í Mentor, í neyðarupplýsingareitnum eða til staðgengla foreldra sem þeir hafa gefið upp fyrirfram til umsjónarkennara.
- Gæta þarf þess að enginn nemandi fari út úr kennslustofu. Ef nemandi þarf að fara á salerni þá fær hann fylgd.
- Þegar kennari yfirgefur stofuna síðastur þarf að loka gluggum og loka hurðum (ekki læsa).
- Þegar búið er sækja flesta nemendur verður þeim sem eftir verða safnað í eina stofu fyrir hvert stig undir stjórn stjórnanda/forstöðumanns frístundar. Kennari afhendir nafna- og aðstandendalista.
 - Yngsta stig safnast í stofu 3
 - Miðstig safnast í stofu 9
 - Elsta stig safnast í stofu 13
- Annað starfsfólk hjálpar til á þeim stað sem það er að vinna á, ef til rýmingar kemur.

Foreldrar:

- Foreldrar/staðgenglar þurfa að sækja börnin í sínar heimastofur.
- Ekkert barn verður sent út án fylgdar foreldris/staðgengils.
- Þau börn sem eru ekki sótt verða ferjuð í fjöldahjálparstöðina Sunnubraut 34 á vegum bæjarfélagsins og bíða þar í umsjá starfsfólks Rauða krossins þar til foreldrar geta sótt barn sitt. Þjónustufyrirtæki á vegum sveitarfélagsins sér um að ferja nemendur frá skóla og í fjöldahjálparstöðina.
- Foreldrar verða að gera ráð fyrir miklu umferðarálagi í sveitarfélaginu og þá sérstaklega við skólann komi til rýmingar á skólatíma. Foreldrar eru hvattir til að koma fótgangandi séu þeir í grennd við skólann og aðstæður leyfa.
- Lögreglan mun leitast við að vera með umferðarstýringu við skóla komi til rýmingar.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn 3. desember 2019 og menntastefnu Reykjanesbæjar.

Áætlunin nær til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og meðal nemenda. Jafnréttisáætlun þessi er hluti af skólanámskrá Heiðarskóla.

Inngangur:

Stefna Heiðarskóla er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða líkamlegri- og/eða andlegri fötlun. Skólastarf í anda jafnréttis á einnig að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda og miða að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Starfið á einnig að mótast af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.

Áhersla er lögð á að nemendur og starfsfólk skólans hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti.

Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma og áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans.

Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans en skipar jafnréttisnefnd sem sér um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunarinnar. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er viðhaldið og hver/hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær hver þáttur skal unninn.

Jafnréttisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er:

- að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans
- endurskoða jafnréttisáætlun skólans árlega og gera viðeigandi breytingar
- vinna og halda utan um hugmyndabanka um jafnréttiskennslu.

Starfsfólk

Þess skal gætt í starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

Störf

Meirihluti starfsfólks Heiðarskóla eru konur. Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfallið. Mikilvægt er að alltaf sé gengið úr skugga um að hæfileikar og menntun beggja kynja nýtist þegar ákvarðanir eru teknar.

Hvernig: Gerð verði samantekt á kynjahlutfalli starfsfólks skólans eftir starfsheitum.

Hver: Skólastjóri, jafnréttisnefnd

Hvenær: Fyrir lok skólaárs 2021-2022 og þriðja hvert ár eftir það.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar skulu öll störf auglýst.

Hvernig: Karlar jafnt sem konur verða hvött til að sækja um lausar stöður við skólann. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefna að því að ráða einstakling af því kyni sem hallar á innan skólans, deildarinnar, kennslugreinarinnar eða stigsins sem um ræðir. Við sérstakar aðstæður t.d. vegna kyns nemanda sem þarf stuðning eða sérstaka aðstoð, getur verið nauðsynlegt að auglýsa og ráða einstakling af ákveðnu kyni til starfa.

Hver: Skólastjóri

Hvenær: Þegar við á.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Öllum starfsmönnum skólans skal standa til boða að sækja sér endurmenntun. Bæði kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun.

Hvernig: Við gerð starfsþróunaráætlana skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað og tilboð séu við hæfi beggja kynja. Starfsfólki skal standa til boða fræðsla um jafnréttismál.

Hver: Aðstoðarskólastjóri

Hvenær: Við gerð starfsþróunaráætlunar skólans.

Laun

Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði svo að ekki sé um óútskýrðan launamun að ræða milli kynjanna í skólanum.

Hvernig: Gerð verður athugun á launum starfsmanna með áherslu á jafnan rétt kynjanna.

Hver: Skólastjóri, starfsþróunarstjóri og launafulltrúi.

Hvenær: Fyrir lok skólaárs 2021-2022.

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti

Hvorki kynbundin áreitni né kynferðisleg áreitni skal liðin í skólanum. Starfsmenn eiga alls ekki að setta sig við kynbundna áreitni en hún getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði.

Hvernig: Með fræðslu varðandi kynbundna og kynferðislega áreitni.

Hver: Skólastjórn og trúnaðarmenn.

Hvenær: Ár hvert skal inna starfsmenn, í starfsmannasamtali, eftir upplifun sinni varðandi kynferðislega eða kynbundna áreitni. Í starfsmannakönnun Skólapiðsins sem tekur til innra mats skólans auk sérstakrar fræðslu sem fara skal fram eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Nauðsynlegar ráðstafanir eru gerðar til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Hvernig: Með því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og með því að taka tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífsins. Einnig með því að auðvelda starfsmönnum að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlofs eða leyfi úr vinnu.

Hver: Skólastjóri

Hvenær: Þegar við á.

Nemendur

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og í daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

Fræðsla

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Unnið er samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla um jafnréttismál og einn af sex grunnþáttum menntunar, *jafnrétti*, er hafður í öndvegi í skólastarfinu.

Hvernig: Heiðarskóli starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Markmið er lúta að kennslu í jafnréttismálum sem eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar taka mið af því.

Hver: Kennarar

Hvenær: Þegar við á, en markmið og kennslutilhögun er lúta að kennslu í jafnréttismálum eru sett fram í bekkjarnámskrám að hausti og endurskoðuð að vori.

Námsgögn

Kennsla og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Hvernig: Gæta skal þess að nota ekki gagnrýnislaust námsefni sem sýnir staðlaðar kynjaímyndir og/eða mismunar kynjunum að einhverju leyti. Menntamálastofnun hefur útbúið gátlista, þar sem m.a. er horft til kynjasjónarmiða, sem öllum höfundum og öðrum sem vinna fyrir stofnunina er gert að hafa að leiðarljósi.

Hver: Stjórnendur og kennarar.

Hvenær: Þegar við á.

Náms- og starfsfræðsla

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólanum skulu drengir og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Hvernig: Nemendur í 8. og 10. bekk fara á starfsgreinakynningu sem haldin er árlega í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Námsráðgjafi kynnir valgreinar næsta skólaárs fyrir nemendum frá 7. – 9. bekk ásamt því að standa fyrir heimsókn og kynningu á Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Lögð verður áhersla á að kynningar verði hlutlausar út frá kyni.

Hver: Náms- og starfsráðgjafi, kennarar og skólastjórnendur

Hvenær: Þegar við á yfir skólaárið.

Kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni

Nemendur fái fræðslu um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Nemendum verði ætíð ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slík mál upp.

Hvernig: Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrá Heiðarskóla. Á hverju hausti verður farið yfir með nemendum hvað getur falist í kynbundnu áreiti í samskiptum nemenda. Nemendum verður einnig kynnt hvert þeir geti leitað.

Hver: Skólastjórnendur, kennarar og hjúkrunarfræðingur skólans.

Hvenær: Yfir skólaárið þegar við á.

Telji starfsmaður/nemandi á sér brotið samkvæmt áætlun þessari og lausn finnst ekki innan skólans getur viðkomandi leitað til starfsþróunarstjóra Reykjanesbæjar.

Endurskoðun

Endurskoða skal jafnréttisáætlun þessa árlega. Næsta endurskoðun fer fram á skólárinu 2021-2022.

Jafnréttisáætlun Heiðarskóla byggir á:

- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Aðalnámskrá grunnskóla, 2013
- Ritröð um grunnþætti menntunar, Jafnrétti, 2013
- Skólanámskrá Heiðarskóla; <http://www.heidarskoli.is/skolinn/skolanamskra>
- Menntastefnu Reykjanesbæjar 2016
https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/rnb-menntastefna-2016-v10.pdf
- Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar frá 2019;
https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/jafnrettisaaetlun-reykjanesbaejar_ny.pdf
- Útg. jafnréttisstofu, leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlunar, sjá www.jafnretti.is

Forvarnarstefna

Markmið með forvörnum er að stuðla að góðri líðan nemenda, jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn, heilbrigðum lífsháttum og að vinna gegn óæskilegri hegðun.

Markmið

- að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun
- að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og mikilvægi hollra lífshátta
- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi og geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífstíls
- að grunnskólinn sé vímuefnalaus, að nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna
- að fylgja lögum um tóbaksvarnir sem felur í sér að nemendum, starfsfólki, foreldrum og gestum er ekki heimilt að nota tóbak á skólasvæðinu
- að eiga öflugt samstarf við foreldra, fræðsluskrifstofu, félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna
- að öflugt félagsstarf sé starfrækt innan skólans
- að eiga náíð samstarf við íþrótt- og tómstundafélög bæjarins
- að efla kennslu í lífsleikni
- að efla lestrarfærni nemenda skólans
- að nemendur temji sér jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisni og tillitssemi í samskiptum við aðra
- að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki og séu færir um að setja sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim og leiti sáttaleiða

- að nemendur þjálfist í að tjá og meta tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt og geti sett sér persónuleg markmið
- að nemendur efla siðferðisþroska sinn og ábyrgð, geti greint vandamál og fundið eigin lausnir á þeim
- að nemendur styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín.

Framkvæmd

Heiðarskóli vinnur eftir uppbyggingarstefnunni. Nemendum er kennd sjálfsstjórn og sjálfsagi, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Nemendur eru þátttakendur í því að leysa vandamál sem upp koma.

Starfsmenn skólans og foreldrar eru vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Ef grunur leikur á um einelti eða að staðfest er að það eigi sér stað er skýr stefna skólans að strax sé tekið á málinu. Unnið er að því að fyrirbyggja einelti með fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk. Allir aðilar skólasamfélagsins deila ábyrgð, sýna virðingu og láta sig líðan annarra varða.

Í Heiðarskóla eru tveir ART þjálfarar. ART stendur fyrir Anger Replacement Training og er aðferð til að kenna sjálfsstjórn og félagsfærni og efla siðferðisvitund þátttakenda. Í 5. bekk fara nemendur í gegnum bekkjarART námskeið auk þess sem unnið er með ART í fámennum hópum.

Í kennslustundum í lífsleikni fer fram fræðsla um heilbrigða lífshætti og almennt er unnið að því að efla ábyrgð nemenda og að þeir tileinki sér jákvæð lífsviðhorf. Í því sambandi er mikilvægt að starfsfólk skólans séu nemendum góðar fyrirmyndir. Í samráði við skólann sinnir lögregla, hjúkrunarfræðingur og fleiri aðilar ýmis konar forvarnarfræðslu, s.s. umferðar- og vímuefnafræðslu og kennslu í markmiðasetningu. Nemendur í 9. bekk taka þátt í forvarnardegnum ár hvert og eru þá fengnir forvarnarfulltrúar úr nærsamfélaginu til að leiðbeina þeim í verkefnavinnu.

Foreldrafélag skólans býður gjarnan upp á fræðslu fyrir foreldra í samstarfi við skólann og aðra aðila nærsamfélagsins. Skólinn styður auk þess forvarnarverkefni sem unnin eru að frumkvæði foreldra, s.s. fundi, fyrirlestra og ferðalög.

Nemendur eru á margan hátt hvattir til hreyfingar og íþróttaiðkunar. Tvisvar á ári skipuleggja íþróttakennarar íþróttadaga og nemendum á unglingastigi er boðið upp á fjölbreytt íþróttaval. Þeir fá einnig íþróttaiðkun sína metna sem valgrein. Mikið er lagt upp úr þátttöku skólans í Skólahreysti ár hvert auk þess sem nemendur eru hvattir til að taka þátt í hinum ýmsu íþróttaviðburðum grunnskólanna.

Nemendaráð skipuleggur ýmsar samkomur án vímuefna með aðstoð kennara.

Samskiptaáætlun Heiðarskóla

Heiðarskóli miðar að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi þar sem öllum líður vel. Samskiptaáætlun skólans miðar að því að fyrirbyggja óæskilega hegðun og taka á samskiptavandamálum þegar þau koma upp. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í vinnunni og leggur sitt af mörkum í að byggja upp félagslega sterkt samfélag þar sem eðlileg jákvæð samskipti fara fram.

Þegar upp kemur samskiptavandi á milli nemenda er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman að lausn mála og uppbyggingu nemenda.

Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Meiri upplýsingar er að finna um uppbyggingarstefnuna á heimasíðu skólans.

Teymi um samskiptavanda og umsjónarmaður

Í teyminu sitja námsráðgjafi, deildastjórar og kennari. Deildarstjóri eldra stigs er umsjónarmaður teymis og er faglegur leiðbeinandi. Umsjónarmaður teymis er með sýn yfir stöðu bekkja skólans og passar upp á að tengslakannanir séu lagðar fyrir alla bekki, að bekkjarfundir séu haldnir reglulega af umsjónarkennurum og að einstaklingsviðtöl á unglingastigi séu tekin einu sinni á hverri önn. Umsjónarkennari er hafður utan við vinnslu á samskiptavandamálum til að vera hlutlaus í málinu og geta stutt við sína nemendur.

Hlutverk teymisins er að fara yfir tilkynningarblöð um samskiptavanda og sjá um eftirfylgni ef grunur um einelti kemur upp. Hlutverk teymis er einnig að upplýsa annað starfsfólk, skiptast á skoðunum um samskiptavandann og/eða einelti og hvernig hægt er að stuðla að jákvæðu skólaumhverfi. Teymið hittist reglulega og fer yfir þau mál sem eru í gangi og framvindu þeirra.

Skólinn og starfsmenn hans

Í Heiðarskóla er unnið með Uppbyggingu sjálfsaga. Í skólanum berum við virðingu fyrir sjálfum okkur, öðru fólki og öllu í kring. Við vinnum alltaf að því að gera okkar besta. Sjálfstjórnarkenningin sem uppeldi til ábyrgðar byggir á kennir okkur að aðeins er hægt að stjórna sjálfum sér. Allt starfsfólk Heiðarskóla á að þekkja samskiptaáætlun skólans og taka þátt í þeirri vinnu sem henni tengist. Árlega eru haldnir fundir þar sem farið er yfir áherslupætti sem máli skipta, upprifjun starfsmanna og nýjum starfsmönnum kynnt áætlunin og stefnu skólans. Starfsfólk Heiðarskóla á að geta beitt íhlutun ef það verður vitni af samskiptavanda eða óæskilegri hegðun og láta sig málið varða.

Starfsfólk á að geta metið stöðuna hverju sinni og geta tekið á málum eftir „eðli“ þeirra og er ætlað að leita til réttara aðila ef þörf þykir (námsráðgjafa, umsjónarkennara, foreldra, skólastjórnenda o.s.frv.). Meginmarkmiðið er vitundarvakning allra starfsmanna fyrir því hvað samskiptavandi/einelti er, hvernig það birtist og samræming á viðbrögðum við því.

Nemendur

Heiðarskóli er uppbyggingarskóli. Við vinnum með þarfir nemenda og kennum þeim að vera besta útgáfan af sjálfum sér. Við vinnum með lífsgildi og í hverjum bekk er gerður bekkjarsáttmáli. Með því að vinna með lífsgildin og semja bekkjarsáttmálann er kennarinn að gera nemendur meðvitaðri um tilfinningar sínar og viðbrögð við þeim. Þeir læra að setja sig í spor annarra, sjá vandamál í nýju ljósi þannig að sjálfsþekking og félagsfærni þeirra eykst. Þeir verða færari í því að vinna úr togstreitum, hjálpast að við að finna lausnir og leita sér hjálpar hjá starfsfólki skólans.

Þrátt fyrir að hér sé öll áhersla lögð á að kenna börnunum sjálfsaga - að bera ábyrgð á sinni eigin hegðun - verður kennarinn að hafa úrræði, þegar út af bregður og nemendur sýna óþekkt eða óábyrga hegðun af einhverju tagi, sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá flytur hann sig niður á reglustjórn, en heldur ávallt opinni leið til uppbyggingar.

Á hverju skólaári er farið yfir bekkjarreglur gegn einelti og eiga nemendur að ræða reglurnar og þýðingu þeirra fyrir bekkinn. Umsjónakennarar hafa reglulega bekkjarfundi þar sem m.a. er rætt um líðan, samskipti og hegðun. Fundirnir eiga að stuðla að samstöðu nemenda gegn einelti. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá eigin tilfinningar og sjónarmið. Hægt er að nota hlutverkaleiki og klípusögur til að auka upplifun nemenda og skilning á samskiptavanda/einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því. Námsráðgjafi leggur fyrir tengslakannanir í bekkjunum tvisvar á skólaári og oftast ef þörf er á. Einstaklingsviðtöl eru tekin einu sinni á önn á unglingastigi, þar sem farið er yfir spurningalista um bekkjarbrag og líðan. Mikil áhersla er á að nemendur þjálfist í að vinna í hópum og sýna hvor öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi. Allir nemendur Heiðarskóla eiga að:

1. Þekkja bekkjareglur gegn einelti
2. Taka þátt í bekkjarfundum og virða fundarreglur.
3. Leggja á eitt að uppræta samskiptavanda og einelti.

Heimili

Starfsfólk Heiðarskóla óskar eftir samstarfi heimila við að sporna gegn samskiptavanda/einelti og óæskilegri hegðun. Starfsfólk Heiðarskóla óskar eftir því að foreldrar:

1. Eigi góð og virk samskipti við foreldra bekkjarfélaga barna sinna.
2. Ræði við börnin sín um góðar samskiptavenjur.
3. Taki þátt í úrlausn mála.
4. Geri tilraun til að taka á samskiptavandamálum sem upp koma heima eða utan skólastarfsins.

Skilgreiningar og verkefni

Samskiptavandi

Samskiptavandi er þegar tveir eða fleiri einstaklingar eiga í neikvæðum samskiptum sín á milli í styttri eða lengri tíma. Neikvæðu samskiptin eiga jafnt yfir báða aðila og vandinn getur verið leystur með samtali við báða aðila saman. Samskipti sem þessi geta þróast yfir í einelti.

Einelti

Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem stríðnin beinist að hefur sýnt að honum mislíki. Óbeint einelti getur verið jafn slæmt. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini. Rafrænt einelti er orðinn stór þáttur af birtingarmynd eineltis og þurfa starfsmenn skóla og foreldrar að fylgjast sérstaklega með tækjanotkun og samskiptum barna sinna í gegnum veraldarvefinn.

Skólinn einn og sér mun þó aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti eða stuðlað að uppbyggingu samfélags þar sem einelti er ekki samþykkt. Hér verða heimilin og samfélagið allt einnig að leggja sitt af mörkum og því leitast Heiðarskóli eftir því að eiga gott samstarf við sitt nánasta umhverfi og þá sem samfélagið móta. Einelti er vandamál sem krefst samvinnu allra þessara aðila ef árangur á að nást.

Óæskileg hegðun

Með samskiptaáætluninni er lögð áhersla á að byggja upp jákvætt samfélag þar sem einstaklingar bera virðingu fyrir hver öðrum.

Óæskileg hegðun er sú hegðun sem bregður út frá félagslegum gildum og einstaklingar vanvirða rétt annarra. Einnig er átt við verknaði sem ekki samræmast viðurkenndri hegðun og þeim lögum sem gilda í samfélaginu.

Sá sem verður fyrir einelti

Einstaklingur sem lagður er í einelti þarf hjálp og stuðning við að stöðva eineltið og leiðsögn til að öðlast bætta sjálfsmynd.

Sá sem leggur í einelti

Stöðva þarf neikvæða hegðun þeirra sem leggja í einelti og aðstoða þá með að efla sjálfsaga sem leiðir til bættrar hegðunar. Hér getur íhlutun verið misjöfn og fer eftir eðli mála hverju sinni.

Bekkjarreglur

Allir nemendur Heiðarskóla eiga að þekkja og tileinka sér bekkjarreglur. Bekkjarreglurnar eru:

1. Við komum fram við hvert annað af kurteisi og virðingu.
2. Við látum líðan annarra í bekknum skipta okkur máli.
3. Allir tilheyra hópnum og við fögnum fjölbreytileikanum í hverjum hópi.
4. Við segjum fullorðnum frá ef við teljum að einhverjum líði illa, er útundan eða einhver er að leggja í einelti.

Bekkjarfundir og önnur forvarnarvinna

Bekkjarfundir eru haldnir reglulega. Á bekkjarfundum eru m.a. ræddar aðferðir til að sporna við og fyrirbyggja samskiptavanda/einelti, óæskilega hegðun og aðrar aðgerðir til að bæta samskipti. Bekkjarfundarformið er hægt að nota til að bæta almennan bekkjaranda og á þeim er hægt að leggja fram hin ýmsu mál til umræðu.

Fundareglur

Ætlast er til þess að fundarreglur séu virtar þegar bekkjarfundir og aðrir fundir eiga sér stað. Með því að virða reglurnar erum við um leið að bera virðingu hvert fyrir öðru. Á þetta við um starfsfólk og nemendur.

1. Réttu upp hönd ef þú vilt fá orðið.
2. Allir hafa leyfi til að tjá sig.
3. Við nefnum ekki nöfn.
4. Við leyfum öðrum að ljúka máli sínu án þess að grípa fram í (með nokkrum eðlilegum undantekningum).
5. Við getum verið ósammála án þess að blóta eða vera orðljót.

„Leikjavinir“ - leikir í frímínútum

Í Heiðarskóla er verkefnið „Leikjavinir“ sem unnið er í samstarfi með 7.bekkingum. Verkefnið hefur það markmið að efla þátttöku allra í leikjum í frímínútum og draga úr stríðni ásamt því að styrkja ábyrgðartilfinningu ungmenna. Öll ungmenni í 7.bekk skipta með sér vikunum á skólaárinu og standa fyrir leikjum þrisvar sinnum í viku. Sex leikjavinir eru úti í einu og skipta sér á tvö svæði þar sem þeir hafa umsjón með fyrirfram ákveðnum leikjum. Vonast er eftir að verkefnið skili sér í ánægjulegri upplifun nemenda í frímínútum sem ýtir undir góð samskipti á milli nemenda.

Sjálfsstyrkingarnámskeið

Nemendum 6. bekkjar er boðið upp á sjálfsstyrkingarnámskeið sem byggir á aðferð Baujunnar. Markmið aðferðarinnar er að nemendur efla sjálfsöryggi sitt í gegnum tilfinningarvinnu og slökunaröndun. Fjórir til sex nemendur eru saman á námskeiðinu sem kennt er einu sinni í viku í sex vikur.

Nemendur í 5. bekk sækja félagsfærni námskeið sem kallast ART. Nemendur fá fræðslu um reiðistjórnun, siðferði og æfa sig í ólíkum færniþáttum. Markmiðið er að nemendur öðlist sjálfsþekkingu og geti nýtt sér verkfæri úr ART til þess að hjálpa sér í erfiðum aðstæðum. Námskeiðið er þrisvar sinnum í viku og stendur yfir í 8 vikur.

Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur

Hlutverkaleiki, myndbönd og klípusögur er hægt að nota til að auka upplifun nemenda, skilning á samskiptavanda/einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því. Í hlutverkaleik bregða nemendur sér í hlutverk í fyrirfram ákveðnum ímynduðum aðstæðum. Þessi aðferð gefur nemendum möguleika á að upplifa ólíkar aðstæður og setja sig í spor annarra.

Í eineltismyndböndum eru sýndar margar birtingarmyndir eineltis, nemendur ræða saman, finna lausnir og gera verkefni útfrá myndböndum.

Klípusögur eru notaðar til að kveikja umræðu og fá nemendur til að vinna sjálfstætt eða í hóp við að reyna að finna lausnir á hinum ýmsu vandamálum.

Tengslakannanir og einstaklingsviðtöl

Námsráðgjafi leggur fyrir tengslakannanir í bekkjunum tvisvar á skólaári og oftast ef við á. Ef upp kemur grunur um samskiptavanda/einelti er alltaf hægt að óska eftir að lögð verði fyrir tengslakönnun sem gæti gefið vísbendingar um stöðu hópsins. Námsráðgjafi fer yfir kannanir til að meta félagslega líðan og stöðu innan bekkjarins.

Eineltishringur

Eineltishringurinn er útskýringarmynd með orðskýringum. Eineltishringinn eiga allir nemendur að þekkja og geta staðsett sjálfan sig innan hans.

Skólapúlsinn

Heiðarskóli leggur fyrir nemendur í 6. -10. bekk könnun Skólapúlsins þrisvar til fjórum sinnum á skólaárinu. Þeir sem taka þátt í Skólapúlsinum hverju sinni njóta nafnleyndar. Könnunin er unnin í tölvustofu í litlum hópum. Umsjónarmaður teymis um samskiptavanda skoðar niðurstöðurnar eftir hverja fyrirlögn og fer yfir það með teyminu sem betur má fara í hverjum nemendahópi eða rými fyrir sig. Upplýsingarnar eru nýttar til að vinna að úrbótaáætlun skólans ár hvert.

Samskiptavandi/grunur um einelti – tilkynningar og úrvinnsluferli

Mikilvægt er að allir sem hafa grun eða vitneskju um samskiptavanda tilkynni það strax til skólans svo að hægt sé að vinna markvisst að því að stöðva það.

Einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og er litið á það sem alvarlegt brot á skólareglum. Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála.

Ef vitneskja um samskiptavanda berst til skólans, mun starfsfólk skólans vinna samkvæmt eftirfarandi ferillýsingu:

1. Grunur um samskiptavanda tilkynnist til skólans og mun teymi um samskiptavanda hefja vinnslu í málinu.
2. Sá starfsmaður sem fær upplýsingar um samskiptavanda skráir málið á skráningarblað sem er skilað til deildarstjóra sem situr í teyminu, þar sem það er varðveitt í möppu.
3. Umsjónarmaður teymis um samskiptavanda upplýsir aðra kennara/starfsfólk sem koma að viðkomandi nemendum og tryggir að vel sé fylgst með.
4. Umsjónarmaður teymis um samskiptavanda er í sambandi við foreldra á meðan unnið er með tilkynningarblað um samskiptavanda. Hann skráir alla framvindu málsins í til þess gert skjal, Vinnuferli 1. Einnig skráir hann framvindu málsins í skráningarskjal sem hann heldur utan um. Verkáætlunin er leiðandi og auðvelt að fara eftir. Umsjónarmaður sér til þess að farið sé í alla þættina sem koma fram á verkáætlun, viðtöl, tengslakönnun, fundi og samráð með foreldrum.
5. Meti teymið að um einelti sé að ræða vinnur það áfram út frá gátlistanum og fer þá í vinnuferli 2. Teymið hefur samband við foreldra þolenda og gerenda. Foreldrum er gerð grein fyrir því hvað þeir geta sjálfir gert til að aðstoða barn sitt og mikilvægi samstarfs varðandi eftirfylgni málsins. Foreldrum stendur alltaf til boða að ræða við umsjónarmann eða aðra í teyminu.
6. Teymi um samskiptavanda vinnur markvisst að því að uppræta samskiptavanda/einelti sem koma upp út frá þeim reglum sem bekkurinn hefur sett sér um einelti. Þar er þolandi alltaf

settur í fyrsta sætið og öryggi hans tryggt eins og kostur er. Tekin eru einstaklingsviðtöl við þolanda og meinta gerendur hvern fyrir sig. Viðtalið er skráð niður. Notast er við ákveðna viðtalstækni en það mikilvægasta í viðtali við gerendur er að sýna þeim fram á að staða málsins sé þekkt, þeim er gert ljóst á ákveðinn hátt að það eigi að hætta neikvæðu samskiptunum og þeim er sagt frá því að fylgst verði með þróun málsins.

7. Eftirfylgni er mjög mikilvæg og er það hlutverk teymis um samskiptavanda að hitta þolanda og geranda reglulega og hafa reglulegt samband við foreldra.

8. Ef einelti heldur áfram þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir er málinu vísað til fagraðs eineltismála.

Skráningar og varðveisla gagna

Öll mál sem upp koma er varða ákveðna einstaklinga eru skráð á tilkynningarblað og verkskjal. Ef um er að ræða sérstaka meðhöndlun mála er berast aðgerðarteymi fylgir skýrsla nemanda og geymist hún í skjalaskáp líkt og gert er með önnur sérúrræði og greiningar.

Áætlun þessi var unnin árið 2013 og síðast uppfærð af samskiptateymi skólans skólárið 2020 – 2021. Byggir hún í grunninn á eineltisáætlun Grunnskóla Sandgerðis og uppeldisstefnu skólans Uppeldi til ábyrgðar.

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er áætlun um viðeigandi viðbrögð þegar áföll verða, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð. Áætlunin segir til um hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig ber að bregðast við. Taka skal tillit til óska fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Skólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallaráð og stýrir vinnu þess og skipulagi. Í megin atriðum skal hlutverk áfallaráðsins vera að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll verða. Áfallaráð sér til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Einnig þarf það að sjá til þess að starfsfólk sem veitir áfallahjálp fái stuðning og hjálp.

Í áfallaráði eru:

- Stjórnendur
- Námsráðgjafi
- Skólahjúkrunarfræðingur
- Skólasálfræðingur

Sóknarprestar eru áfallaráði innan handar.

Áföll sem þessi áætlun nær til eru:

- Alvarleg slys eða veikindi nemanda
- Alvarleg slys eða veikindi starfsfólks
- Andlát nemanda eða náins aðstandanda
- Andlát starfsmanns, maka eða barns
- Önnur áföll s.s. alvarlegt ofbeldi.

Áfallaráð fundar að hausti og athugar hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Áfallaráð skal ræða þau áföll sem upp hafa komið og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið.

Alvarleg slys eða veikindi

Slys hjá nemanda

- Skólastjóri fær staðfestingu á slysi hjá aðstandendum verði slysið utan skólatíma. Mikilvægt er að fá nákvæmar upplýsingar áður en vinna hefst.
- Ef nemandi slasast alvarlega á skólatíma skal hringja í neyðarnúmer 112 og hafa samband við aðstandendur.
- Ef slys verður í skólaferðalagi sjá umsjónarmenn ferðarinnar um að upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála. Skólastjórnendur eða aðrir aðilar úr áfallaráði tilkynna forráðamönnum viðkomandi nemanda um atburðinn.
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir aðstandendur til samþykkis og hafa skal þá með í ráðum frá upphafi.
- Skólinn gefur ekki upplýsingar til fjölmiðla.
- Áfallaráð fundar og ákveður aðgerðir skólans.
- Starfsmenn skólans eru kallaðir saman og þeir upplýstir um hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Mikilvægt er að þeir starfsmenn sem ekki eru á staðnum fái upplýsingar.
- Ákveða þarf hvaða nemendahópum innan skólans þarf að tilkynna áfallið.
- Skólinn kemur upplýsingum til foreldra annarra nemenda. Meta þarf hvort nóg er að senda tölvupóst heim til foreldra. Ef slys er alvarlegt þá er best að hafa samband við forráðamenn áður en rætt er við nemendur. Foreldrar geta þá komið og verið með börnum sínum.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu. Huga þarf sérstaklega að fjölskyldu- og vinatengslum innan skólans. Mikilvægt er að kennarar og starfsmenn verði vakandi fyrir þeim nemendum/starfsmönnum sem þurfa meiri stuðning.
- Fulltrúar skólans heimsækja nemanda.
Athuga má hvort heimsóknir samnemenda á sjúkrastofnun/heimili séu æskilegar.
Bekkjartelagar geta sent kveðju t.d. kort, myndir, tölvupóst o.s.frv. ef við á.

Alvarleg veikindi nemanda

- Ef nemandi greinist með alvarlegan sjúkdóm og/eða þarf að vera langdvölum fjarverandi vegna veikinda, þarf að greina starfsfólki, bekkjarfélögum og foreldrum þeirra frá því í samáði við aðstandendur viðkomandi barns.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu. Huga skal sérstaklega að fjölskyldu- og vinatengslum.
- Umsjónarkennarar skulu vera vakandi fyrir þörfum nemenda sinna. Ákveðnir nemendur gætu þurft á séraðstoð að halda s.s. samtal við námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing eða sálfræðing.
- Fulltrúar skólans heimsækja nemanda.
Athuga má hvort heimsóknir samnemenda á sjúkrastofnun/heimili séu æskilegar.
Bekkjarfélagar geta sent kveðju t.d. kort, myndir, tölvupóst o.s.frv. ef við á.

Þegar nemandi snýr aftur í bekkinn eftir slys eða veikindi

- Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræðir við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlustar eftir hvernig honum líður og hvernig móttöku hans verður háttað.
- Undirbúa þarf bekkjarféлага fyrir komu nemandans í skólann á ný. Hjúkrunarfræðingur eða utanaðkomandi aðili fræðir bekkinn um viðkomandi sjúkdóm/slys þegar við á til að koma í veg fyrir ranghugmyndir og eyða ótta.
- Umsjónarkennari fylgist með líðan nemandans eftir að hann kemur til baka og viðbrögðum bekkjarféлага.

Slys eða alvarleg veikindi hjá aðstandendum nemenda

- Þegar staðfesting á veikindum liggur fyrir meta stjórnendur hvort ástæða sé til að kalla áfallaráðið saman.
- Starfsmenn, nemendur og forráðamenn eru upplýstir eftir því sem við á.
- Áfallaráð fundar ef ástæða þykir til og leggur línur í samráði við aðstandendur.

Slys eða alvarleg veikindi hjá starfsfólki skólans

- Þegar staðfesting á slysi liggur fyrir meta stjórnendur hvort ástæða sé til að kalla áfallaráð saman.
- Stjórnendur ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hans hvernig tilkynna skuli samstarfsfólki, nemendum og foreldrum um veikindin.
- Hafa skal samráð við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur um hvernig starfsfólk skólans geti komið til aðstoðar.
- Áður en starfsmaður snýr aftur til vinnu skal meta hvort áfallaráð kemur saman og undirbýr komu starfsmanns í samráði við viðkomandi.

Andlát nemanda

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð hjá aðstandendum.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð sem ákveður aðgerðir skólans s.s hver á að tilkynna andlátíð, hvernig á að gera það og hvar.
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir aðstandendur til samþykkis og hafa skal þá með í ráðum frá upphafi.
- Andlát er tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemanda eins fljótt og auðið er og jafnframt öðru starfsfólki skólans og nemendum. Gæta skal þess að nán skyldmennir hins látna sem eru við nám eða störf í skólanum fái upplýsingar um andlátíð áður.
- Ákveða þarf hvaða nemendahópum innan skólans þarf að tilkynna um áfallið.
- Tilkynning andláts fer fram inni í hverjum bekk fyrir sig. Gott er, ef aðstæður leyfa, að umsjónarkennari ásamt stuðningsaðila eða sá sem þekkir börnin best tilkynni andlátíð. Mikilvægt er að allir fái fregnina samtímis.
- Skólastjóri eða aðili úr áfallaráði hefur samband við foreldra bekkjarsystkina. Þeim er boðið að mæta í skólann og styðja börnin eða taka þau heim.
- Andlát er tilkynnt til fræðslufirvalda
- Í samráði við foreldra er fáni dreginn í hálfa stöng þegar búið er að tilkynna starfsfólki og nemendum andlátíð.
- Aðili úr áfallaráði ásamt presti ræðir við bekk eða árgang viðkomandi nemanda ásamt umsjónarkennara. Prestur eða annar utanaðkomandi aðili býður upp á samverustund þar sem hver og einn fær að tjá sig og losa um tilfinningar sínar. Æskilegt er að umsjónarkennari verði með bekknum það sem eftir er skóladags
- Mikilvægt er að hlúa að nemendum í skólanum eftir föngum með aðstoð hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa eða sálfræðings. Nemendum er gefið tækifæri til að ræða um atburðinn.
- Foreldrar eru hvattir til að sækja börn sín í lok skóladags. Upplýsingar eru sendar heim þar sem greint er frá því hvernig skólastarfið verði næstu daga. Mikilvægt er að ritari skólans athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum svo hægt sé að koma upplýsingum til þeirra.
- Áfallaráð fundar eins oft og þörf krefur til að fara yfir stöðu mála og gerir áætlanir um áframhaldandi vinnu.
- Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðargjöf frá skólanum.

Vinna í bekk næstu daga

Nauðsynlegt er að nemendum sé gefinn kostur á því að tjá tilfinningar sínar eða segja reynslusögur. Bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/eða teiknar myndir, skrifar bréf, ljóð eða sögur. Gott er að hafa logandi kerti í kennslustofunni. Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp ef spurningar vakna eða ef fram koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða

sektarkennd. Venjubundin gangur skóladagsins sefar ótta og kvíða. Nemendum er greint frá hvað gerist næstu daga með aðstoð sóknarprests ef þörf krefur. Mikilvægt er að umsjónarkennari fái sjálfur þann stuðning og hjálp sem hann þarf á að halda.

Jarðarför

Skólastjórnendur, umsjónarkennari og þeir starfsmenn sem tengst hafa barninu verða við jarðarförina sé það mögulegt. Ef forráðamenn vilja að börn þeirra verði viðstödd jarðarförina/minningarathöfnina er nauðsynlegt að þeir fari með börnum sínum.

- Ákveða þarf hvort eigi að vera minningarathöfn í skólanum.
- Sjá þarf til þess að kveðja komi frá skólanum t.d. blóm, krans eða annað.
- Ákveða þarf hverjir eigi að skrifa minningargrein fyrir hönd skólans.
- Fáni er dreginn í hálfa stöng við skólann daginn sem jarðarför fer fram.

Andlát starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð og virkjar áfallaráð.
- Skólastjóri ásamt áfallaráði kallar saman allt starfsfólk skólans og upplýsir það um andlátíð og hvernig skólinn hyggst vinna næstu daga. Prestur er fenginn til aðstoðar.
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir aðstandendur til samþykkis og hafa skal þá með í ráðum frá upphafi.
- Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái fregnina sérstaklega.
- Kveikt er á kerti og sett upp mynd af viðkomandi ef hægt er að koma því við.
- Áfallaráð ákveður hvernig tilkynna eigi nemendum andlátíð og hvernig koma eigi upplýsingum til forráðamanna þeirra. Mikilvægt er að þeir nemendur sem ekki eru í skólanum þennan dag fái líka upplýsingar. Fylgjast þarf með nemendum og veita þeim stuðning næstu daga.
- Andlát er tilkynnt til fræðslufirvalda.
- Í samráði við aðstandendur er fáni dreginn í hálfa stöng þegar búið er að tilkynna starfsfólki og nemendum andlátíð.
- Nemendum er gefið tækifæri til að ræða um atburðinn. Sóknarprestur auk hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa, skólastjórnenda og/eða sálfræðings aðstoða ef þörf er á og eru til taks næstu daga.
- Æskilegt er að umsjónarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er dags. Gott getur verið að hafa logandi kerti í kennslustofunni það sem eftir er dags og næstu daga.
- Nemendur geta búið til kveðju til fjölskyldu starfsmanns s.s. myndir, ljóð eða sögur.
- Aðstandendum er boðin aðstoð t.d. við erfidrykkju og fl.
- Áfallaráð fundar eins oft og þörf krefur til að fara yfir stöðu mála og gera áætlanir um áframhaldandi vinnu.
- Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda með samúðargjöf frá skólanum.

Jarðarför

- Ákveða þarf hvort eigi að vera minningarathöfn í skólanum.

-
- Sjá þarf til þess að kveðja komi frá skólanum t.d. blóm, krans eða annað.
 - Aðstandendum boðið að hafa fána skólans við athöfnina.
 - Ákveða þarf hverjir eigi að skrifa minningargrein fyrir hönd skólans.
 - Ef forráðamenn vilja að börn þeirra verði viðstödd jarðarförina/minningarathöfnina er nauðsynlegt að þeir fari með börnum sínum.
 - Fáni er dreginn í hálfa stöng við skólann daginn sem jarðarför fer fram.

Andlát foreldra eða systkina nemanda

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð og virkjar áfallaráð.
- Umsjónarkennara er tilkynnt um andlát viðkomandi svo og öðrum starfsmönnum.
Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð.
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir aðstandendur til samþykkis og hafa skal þá með í ráðum frá upphafi
- Upplýsa þarf foreldra nemenda í viðkomandi árgangi.
- Aðili úr áfallaráði ræðir við bekk eða árgang viðkomandi nemanda ásamt umsjónarkennara.
- Umsjónarkennari sér um áframhaldandi vinnu með bekknum en getur þó alltaf leitað til aðila úr áfallaráði eftir aðstoð.
- Aðili úr áfallaráði vinnur með viðkomandi nemanda eins lengi og þurfa þykir.
- Bekkurinn undirbýr samúðarkveðju s.s. myndir, ljóð eða sögur.
- Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðargjöf frá skólanum.
- Endurkoma nemanda í skólann er undirbúin í samráði við aðstandendur, umsjónarkennara og aðila úr áfallaráði.

Andlát maka eða barns starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð og virkjar áfallaráð.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð. Mikilvægt er að þeir starfsmenn sem ekki eru við störf þann daginn fái líka upplýsingar.
- Gæta þarf að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega.
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir viðkomandi starfsmann til samþykkis og hafa skal hann með í ráðum frá upphafi.
- Ef maki eða barn umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri eða aðili úr áfallaráði umsjónarhópnum andlátíð.
- Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda.
- Aðilar úr áfallaráði veita þeim kennara, sem við bekknum tekur, aðstoð næstu daga.
- Skólastjóri og/eða aðili úr áfallaráði heimsækir starfsmann og færir samúðargjöf.

Önnur áföll

Ef um annars konar áföll er að ræða s.s. kynferðislega misnotkun, ofbeldi, skilnað foreldra, atvinnuleysi til langs tíma, mannshvarf eða fangelsun náins ættingja, þurfa nemendur mikinn stuðning og skilning. Við aðstæður sem þessar er rétt að hafa samráð við foreldra eða aðra aðstandendur.

Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun eða annars konar ofbeldi ber ávallt að hafa samband við barnaverndarnefnd. Það er barnaverndarnefndar að skera úr um hvort grunur sé á rökum reistur. Hægt er að óska nafnleyndar þegar tilkynnt er.

Ef starfsfólk skólans lendir í erfiðleikum, s.s. skilnaði, slysi eða langvarandi veikindum innan fjölskyldu skal haft samráð við viðkomandi um hvort og hvernig starfsfólk skólans geti komið því til aðstoðar.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Heiðarskóla byggir m.a. á starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.

- Áhersla er lögð á að ráða hæft, áhugasamt og traust starfsfólk. Fólk sem er opið fyrir nýjungum og tilbúið að leita sífellt leiða til að bæta og efla skólastarfið.
- Lögð er áhersla á að gagnkvæmt traust og að gott samstarf ríki á milli samstarfsfólks. Mikilvægt er að hver og einn leggi sitt af mörkum til að móta jákvæðan og góðan starfsanda og skapa sterka liðsheild.
- Starfsmenn eiga að sinna starfi sínu af álúð, samviskusemi og metnaði. Þeir eiga að sýna lipurð, kurteisi og réttsýni gagnvart nemendum og öðru samstarfsfólki.
- Starfsmönnum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þessi þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.
- Starfsfólk skólans leitast við að vera nemendum góðar fyrirmyndir.
- Lögð er áhersla á að tryggja góða vinnuaðstöðu og að búnaður og hollustuhættir séu í góðu horfi.
- Áhersla er lögð á gott samstarf við heimilin og alla þá sem koma að fræðslu- og uppeldismálum.
- Lögð er áhersla á árangur í starfi.
- Starfsmenn eru hvattir til að viðhalda faglegri þekkingu í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til skólasamfélagsins. Símenntunaráætlun skólans liggur fyrir að hausti en einnig eru starfsmenn hvattir til að leita eigin leiða til náms og starfsþróunar.
- Starfsfólk mótar sameiginlegar áherslur í starfi og vinnur eftir þeim.
- Lögð er áhersla á að upplýsingastreymi sé gott og boðleiðir milli stjórnenda og starfsmanna séu skilvirkar.
- Lögð er áhersla á að starfsmenn læri hver af öðrum og með öðrum í formlegu og óformlegu samstarfi.
- Lögð er áhersla á að starfsmenn fái að njóta sín í starfi.

- Leitast er við að auðvelda starfsfólki að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar.
- Lögð er áhersla á að konur og karlar fái jöfn tækifæri og möguleika til að taka að sér mikilvæg verkefni innan skólans.
- Lögð er áhersla á að gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki á milli samstarfsfólks.

Viðbragðsáætlun Heiðarskóla er að finna á heimsíðu skólans.

